

157. löggjafarþing 2025-2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu (stafræn og rafræn málsmeðferð).

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, svohljóðandi:

Beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi eða annað gagn sem tengist beiðninni og er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli er heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Sýslumaður getur ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem eiga í hlut.

Þegar II. kafli laga þessara eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu, eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Beiðni eða annað gagn þarf ekki jafnframt að afhenda á pappírsformi.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar um framkvæmd þessa ákvæðis í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

2. gr.

Á eftir 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. kemur nýr tölul. svohljóðandi: Fésektum ársreikningaskrár, skv. 1. og 2. mgr. 120. gr. laga um ársreikninga.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Aðfararbeiðni, tilkynning eða annað gagn sem á grundvelli laga þessara er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli er heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Dómari getur ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í máli. Sýslumaður getur jafnframt ákveðið að frumrit gagna verði lögð fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málsaðili telur sig eiga.

Þegar lög þessi eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Aðfararbeiðni, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Gagn eða tilkynningu þarf ekki jafnframt að afhenda á pappírformi.

Gögn og tilkynningar sem birt eru eftir fyrirmælum 7. og 80. gr. skulu, þrátt fyrir 3. mgr., birt á því formi og á þann hátt sem þar er lýst.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar um framkvæmd þessa ákvæðis í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni.

4. gr.

Orðin eða „eða símskeyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „skv. 9. tölul.“ í 8. gr. laganna kemur: eða 12. tölul.

6. gr.

Við 2. mgr. 10. gr. laganna bætist: eða berast án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en viku frá því að aðfararbeiðni barst sýslumanni.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „skal aðfararbeiðni“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ásamt fylgigögnum.
- b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang gagna vegna meðferðar mála fyrir dómi samkvæmt lögum þessum fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 15. gr. laganna:

- a. Orðið „annað“ fellur á brott.
- b. Í stað orðsins „samriti“ kemur: eintaki.

9. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 18. gr. laganna kemur einn nýr málslíður, svohljóðandi: Aðfararbeiðnir skulu skráðar í þeirri röð sem þær berast.

10. gr.

Í stað orðanna „með símskeyti“ í 2. mgr. 21. gr. laganna, kemur: í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

11. gr.

Við 22. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sýslumaður getur heimilað mætingu málsaðila við aðför sem fram fer á starfsstofu sýslumanns samkvæmt lögum þessum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar hjá sýslumanni við aðför um fjarfundabúnað.

12. gr.

Í stað orðsins „undirrita“ í 3. mgr. 33. gr. og 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna kemur: staðfesta.

13. gr.

Í stað orðanna „eftirrits úr gerðabók“ í 2. mgr. 35. gr. laganna kemur: eintaks gerðabókar.

14. gr.

Í stað orðsins „eftirrit“ í 2. málsl. 59. gr. laganna kemur: eintak.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „með símskeyti,“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Tilkynning skv. 1. mgr. telst réttilega birt í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku hennar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

16. gr.

Í stað orðsins „samriti“ í 2. mgr. 82. gr. laganna kemur: eintaki.

17. gr.

Á eftir 4. mgr. 85. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi: Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er málsaðila ekki heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta við aðför í gegnum fjarfundabúnað.

18. gr.

Í stað orðanna „ljósrit gagna og eftirrit úr gerðabók“ í 3. mgr. 86. gr. laganna kemur: eintök gagna og gerðabókar.

19. gr.

Við 1. mgr. 87. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að boða málsaðila til þinghalds á þann hátt sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 80. gr.

20. gr.

Í stað orðsins „eftirrit“ í 2. mgr. 93. gr. laganna kemur: eintök.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „87.–89. gr. og 1. mgr. 90. gr.“ kemur: og heimilt er að boða málsaðila til þinghalds á þann hátt sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 80. gr.
- b. Á eftir orðunum „að öðru leyti“ kemur: gilda.

III. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

22. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Tilkynning eða annað gagn sem á grundvelli laga þessara er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli er heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Dómari getur ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í máli. Sýslumaður getur jafnframt ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á eignum þess látna eða erfðaréttindum eftir hann eða réttindum sem aðrir telja sig eiga.

Þegar lög þessi eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Tilkynning eða gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Gagn eða tilkynningu þarf ekki jafnframt að afhenda á pappírsformi.

Gögn og tilkynningar sem birt eru skv. 43. og 128. gr. skulu, þrátt fyrir 3. mgr., birt á því formi og á þann hátt sem þar er lýst.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar um framkvæmd þessa ákvæðis í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni.

23. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Heimilt er sýslumanni eða umboðsmanni hans að gefa vottorð um móttöku andlátstilkynningar en veita tilkynnanda skamman frest til að gefa upplýsingar um þau atriði sem getið er í 1. mgr. með skriflegri tilkynningu eða með því að mæta á ný eða senda annan í sinn stað á fund sýslumanns.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skyld er tilkynnanda andláts eða öðrum, sem sýslumaður telur eftir því sem fram er komið að geti veitt frekari upplýsingar um eignir þess látna eða erfðaréttindi eftir hann, að veita þær upplýsingar sem honum er kostur með tilkynningu eða með því að verða við kvaðningu um að koma á fund sýslumanns.

- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sýslumaður getur heimilað mætingu við tilkynningu andláts samkvæmt lögum þessum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu viðkomandi.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar hjá sýslumanni við andlátstilkynningu um fjarfundabúnað.

25. gr.

2. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Þegar kostnaður af skrásetningu og mati hefur verið greiddur skal sýslumaður senda erfingjum, sem er vitað hvar megi finna, eintak eignaskrár í starfrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, með ábyrgðarpósti eða með öðrum sannanlegum hætti.

26. gr.

Í stað orðsins „bréflega“ í 1. málsl. 32. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 53. gr. laganna kemur: skriflega.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eftirrit úr dánarskrá og gerðabók“ í 1. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: eintök dánarskrár og gerðabókar.
- b. Í stað orðsins „samrit“ í 3. mgr. kemur: eintak.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „símskeyti“, í 2. málsl. 1. mgr. kemur: stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- b. Við 2. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Tilkynning skv. 1. mgr. telst réttilega birt í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku hennar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

29. gr.

Við 50. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skiptastjóri getur heimilað mætingu á skiptafund samkvæmt lögum þessum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Dómstólasýslunni er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað.

30. gr.

Í stað orðsins „eftirrit“ í 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: eintök.

31. gr.

Í stað orðsins „samrit“ í 2. málsl. 1. mgr. 73. gr. og 3. mgr. 119. gr. laganna kemur: eintak.

32. gr.

Við 1. mgr. 119. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki er þó heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta á fund sýslumanns í gegnum fjarfundabúnað.

33. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 122. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki er þó heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða ákvörðun skiptastjóra um að heimila mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað.

34. gr.

Í stað orðsins „samrit“ tvisvar sinnum í 2. mgr. 127. gr. laganna kemur: eintak.

35. gr.

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna: Á eftir orðunum „í einkamáli“ í 2. mgr. kemur: eða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Birting í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda telst réttilega hafa farið fram þegar málsaðilar hafa staðfest móttöku boðunar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- b. Um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang gagna vegna meðferðar mála fyrir dómi samkvæmt lögum þessum fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

36. gr.

Í stað orðsins „endurrit“ í 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: eintak.

37. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang gagna vegna meðferðar mála fyrir dómi samkvæmt lögum þessum fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

38. gr.

Á eftir 9. gr. a laganna kemur ný grein, 9. gr. b, svohljóðandi:

Heimilt er að miðla á rafrænu eða stafrænu formi beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og kröfu um gjaldþrotaskipti, tilkynningu eða öðru gagni, sem á grundvelli laga þessara er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Dómari getur ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í máli.

Þegar lög þessi eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, krafa um gjaldþrotaskipti, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Beiðni, kröfu, tilkynningu eða öðru gagni þarf ekki jafnframt að afhenda á pappírformi.

Gögn og tilkynningar sem birt eru skv. 69. og 175. gr. skulu, þrátt fyrir 3. mgr., birt á því formi og á þann hátt sem þar er lýst.

39. gr.

Í stað orðsins „símskeyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. laganna, fellur brott.

40. gr.

Í stað orðsins „samrit“ í 4. mgr. 63. gr. a laganna kemur: eintök.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 66. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „Krafa um gjaldþrotaskipti“ í 1. málsl. kemur: ásamt fylgigögnum.
- b. 2. málsl. fellur brott.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „samrit“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: eintak.
- b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að birta tilkynningu skv. 1. mgr. í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og telst hún þá réttilegar birt þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku hennar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

43. gr.

Við 79. gr. laganna bætast tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Skiptastjóri getur heimilað mætingu á skiptafund samkvæmt lögum þessum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Dómstólasýslunni er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað.

44. gr.

Í stað orðsins „eftirrit“ í 2. mgr. 80. gr. laganna kemur: eintök.

45. gr.

Í stað orðsins „endurrit“ í 1. málsl. 1. mgr. 162. gr. laganna kemur: eintak.

46. gr.

Við 171. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Ekki er heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða ákvörðun skiptastjóra um að heimila mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað.

47. gr.

Í stað orðsins „samrit“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 174. gr. laganna kemur: eintak.

48. gr.

Á eftir orðunum „í einkamáli“ í 2. mgr. 175. gr. kemur: eða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Tilkynning skv. 1. mgr. telst réttilega birt í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku hennar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

49. gr.

Í stað orðsins „afrit“ í 3. tölul. 1. mgr. 184. gr. laganna kemur: eintök.

50. gr.

Í stað orðsins „afrit“ í 1. málsl. 2. mgr. 185. gr. og 1. mgr. 189. gr. laganna kemur: eintak.

V. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991.

51. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er að miðla á rafrænu eða stafrænu formi beiðni um nauðungarsölu, tilkynningu eða öðru gagni, sem á grundvelli laga þessara er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Dómari getur ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu máls. Sýslumaður getur jafnframt ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram við meðferð máls hjá sýslumanni telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málsaðili telur sig eiga.

Þegar lög þessi eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Beiðni um nauðungarsölu, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Gagn eða tilkynningu þarf ekki jafnframt að afhenda á pappíriformi.

Þrátt fyrir 2. mgr. skulu tilkynningar og gögn sem birt eru eftir fyrirmælum 9., 16. og 82. gr. birt á því formi og á þann hátt sem þar er lýst.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni.

52. gr.

Orðin „eða símskeyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „myndrit“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: annað eintak.
- b. 5. mgr. fellur brott.

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „afrit hennar í“ í 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna, kemur: stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- b. Á eftir 1. mgr. 16. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Tilkynning skv. 1. mgr. telst réttilega birt í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- c. Í stað orðsins „afrit“ í 1. og 3. mgr. 16. gr. laganna, kemur: eintak.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 3. mgr.
- b. Í stað orðsins „afrit“ í 2. mgr., kemur: eintak; og í stað orðsins „afritið“ í sömu málsgrein, kemur: eintakið.

56. gr.

Við 21. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sýslumaður getur heimilað mætingu málsaðila skv. 2. gr. við fyrirtöku beiðni um nauðungarsölu skv. IV. kafla í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar hjá sýslumanni um fjarfundabúnað.

57. gr.

Í stað orðsins „bréflega“ í 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: skriflega.

58. gr.

Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Sýslumaður getur heimilað málsaðilum skv. 2. gr. að mæta til uppboðs í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um heimild til mætingar hjá sýslumanni um fjarfundabúnað.

59. gr.

Í stað orðanna „eða símskeyti“ í 2. málsl. 3. mgr. 35. gr. laganna, kemur: „í stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

60. gr.

Við 1. mgr. 36. gr. laganna bætist: að því frátöldu að ekki er heimilt að mæta til framhalds uppboðs í gegnum fjarfundabúnað.

61. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Boðunin skal send í stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, í ábyrgðarbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti. Sýslumaður getur heimilað málsaðilum að mæta til fyrirtökunnar í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

62. gr.

Í stað orðsins „afrit“ í 2. mgr. 44. gr. laganna kemur: eintak.

63. gr.

Í stað orðsins „Afrit“ í 3. málsl. 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: Eintök.

64. gr.

Í stað orðsins „bréflega“ í 2. mgr. 66. gr. laganna kemur: skriflega.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki er heimilt samkvæmt þessum kafla að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta við nauðungarsölu í gegnum fjarfundabúnað, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 31. gr.
- b. Í stað orðanna „eftirrit framlagðra gagna og endurrit úr gerðabók“ í 4. málsl. 3. mgr. 73. gr. laganna kemur: eintök framlagðra gagna og gerðabókar.

66. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „eftirrit“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eintök.
- b. Í stað orðanna „endurrit úr gerðabók“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: gerðabókar.
- c. Í stað orðsins „afrit“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: eintak.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 82. gr. laganna:

- a. Við 1. málsl. bætist: eða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.
- b. Við bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Birting í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda telst réttilega hafa farið fram þegar málsaðilar hafa staðfest mót-töku boðunar. Um birtingu í stafrænu pósthólfi fer að öðru leyti eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

68. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, byggist að hluta á frumvarpi sem lagt var fram af dómsmálaráðherra á 154. löggjafarþingi 2023-2024, þskj. 1372 – 926. mál, en hlaut ekki afgreiðslu úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Frumvarpið er nú endurflutt með umtalsverðum breytingum frá fyrra frumvarpi, þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust meðan málið var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is og hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Að auki eru með frumvarpinu nú lagðar til efnislega samhljóða breytingar hvað varðar tæknilegt hlutleysi á fleiri lagabálkum þar sem sömu rökin fyrir breytingum þykja eiga við þá alla.

Um nokkra hríð hefur verið til athugunar í dómsmálaráðuneytinu að gera breytingar á lögum um aðför nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, með það að markmiði að heimila notkun stafrænna og rafrænna lausna við meðferð mála sem rekin eru á grundvelli laganna, hvort tveggja hjá sýslumönnum og dómstólum og að einfalda um leið málsmeðferð án þessi að efnisreglum sé breytt. Ráðuneytið hefur jafnframt á grundvelli sömu sjónarmiða haft til athugunar að gera efnislega sömu eða sambærilegar breytingar á erfðalögum nr. 8/1962, lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Málsmeðferðin hefur í meginatriðum haldist óbreytt frá gildistöku erfðalaga árið 1962 og sama á við um málsmeðferð samkvæmt lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu, en þessir lagabálkar tóku gildi þann 1. júlí 1992 þegar dómsvald og framkvæmdarvald í héraði voru

aðskilin. Framþróun á öðrum réttarsviðum styður við þau áform að taka skref í átt að staf- og rafrænum lausnum við meðferð mála sem rekin eru á grundvelli framangreindra lagabálka, enda leiðir bætt tækni og aðrar lagabreytingar til þess að meðferð þeirra mála er ekki eins háð pappírsferlum og áður og m.a. getur ferlið orðið að miklu leyti rafrænt eða stafrænt. Í því sambandi má nefna lög um breytingu á þinglýsingalögum nr. 39/1978, lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002, lög um aukatekjur ríkissjóðs (rafrænar þinglýsingar), nr. 151/2018, lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019 og lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021.

Fyrra frumvarp dómsmálaráðherra, sem lagt var fram á 154. löggjafarþingi 2023–2024, þskj. 1372 – 926. mál, hefur eins og fyrr greinir tekið ýmsum breytingum. Ber þar helst að nefna að ákvæði sem fólu í sér tillögu um fækkun fyrirtaka á grundvelli laga um aðför og laga um nauðungarsölu, að ákveðnum lagaskilyrðum uppfylltum, hafa verið felld úr frumvarpinu. Þykja þær breytingar þarfnast nánari athugunar. Þá hefur athugun dómsmálaráðuneytisins leitt í ljós að þær tillögur að breytingum sem eftir stóðu í frumvarpinu eiga mikla samleið við breytingar sem ráðuneytið hefur haft til skoðunar að gera á öðrum lagabálkum. Af þeirri ástæðu eru með frumvarpi þessu lagðar til efnislega hliðstæðar breytingar, ekki aðeins á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu, heldur jafnframt erfðalögum, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Aherslur í stefnu stjórnvalda um stafræna þjónustu hins opinbera (Stafrænt Ísland) frá 2021 eru m.a. þær að hið opinbera nýti lausnir á borð við rafrænar undirritanir, fjarfundabúnað og aðrar framleiðni aukandi lausnir til að bæta vinnuumhverfi og veita betri þjónustu, og að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast framkvæmd fyrrnefndrar stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera og innan þess er verkefnastofa um Stafrænt Ísland. Verkefnastofan sem vinnur m.a. að því að aðstoða ráðuneyti og opinberar stofnanir við að bæta stafræna þjónustu við almenning.

Í mars 2021 kom út skýrsla dómsmálaráðuneytisins, *Sýslumenn – framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri*, þar sem sett er fram stefna um framtíðarsýn fyrir málefni sýslumanna. Í kjölfarið lagði ráðherra skýrsluna fram á Alþingi (þskj. 1043 – 609. mál á 151. löggjafarþingi 2020–2021). Í stefnunni felst að sýslumannsembættin veiti framúrskarandi þjónustu óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar almenningi hverju sinni. Þar kemur fram að með því að auka vægi stafrænnar þjónustu megi að miklu leyti efla þjónustu embættanna. Þannig megi draga úr vægi óskilvirkra ferla sem hafi að mörgu leyti einkennt málsmeðferð sýslumannsembætta hingað til, þ.e. staðbundin þjónusta, oft á tíðum með formlegum fyrirtökum á grundvelli framlagðra skjala. Þá geti skapast tækifæri til að gera þjónustuna í senn miðlæga og sérhæfða. Slíkt myndi leiða til hagræðingar hjá embættunum, skjótari afgreiðslu og þar með bættrar þjónustu við almenning. Þá segir í skýrslunni að mesti þunginn í afgreiðslutíma sýslumanna liggi í þeim hluta kjarnaverkefna sem krefjast aðkomu löglærðs fulltrúa eða sérfræðings og einkennist af skyldubundnu mati stjórnvalda og formlegum fyrirtökum. Við þær aðstæður séu tækifæri til framþróunar og innleiðingar stafrænnar málsmeðferðar minni, en þó ekki útilokuð.

Tilefni lagasetningar er að styðja við eftirfarandi markmið rafrænnar og stafrænnar málsmeðferðar. Í fyrsta lagi markmið um bætta þjónustu við almenning með einfaldari stjórnsýslu hjá sýslumönnum og málsmeðferð fyrir dómstólum, enda miðar frumvarpið að því

að fjölga þjónustuleiðum með framboði rafrænnar og stafrænnar málsmeðferðar til viðbótar við hefðbundna málsmeðferð. Í öðru lagi aukin skilvirkni með því að heimila miðlun gagna með einfaldari hætti en lögin bjóða upp á í dag. Í þriðja lagi aukin umhverfisvernd og hagræðing þar sem rafræn og stafræn málsmeðferð leiðir til færri ferðalaga á milli staða, minni notkunar á pappír og lægri kostnað við miðlun og sendingu gagna. Í fjórða lagi bætt réttaröryggi með öruggari birtingu gagna og aðgengi að þeim.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl., nr. 32/2020, voru gerðar breytingar m.a. á erfðalögum nr. 8/1962, lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sem miðuðu að því að heimila tímabundið rafræna málsmeðferð. Tilfnið var í upphafi að koma í veg fyrir réttarspjöll af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru og draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins. Heimildirnar voru síðar framlengdar með lögum nr. 121/2020, 136/2021 og 98/2023 vegna erfðalaga og laga um skipti á dánarbúum o.fl., með það m.a. að markmiði að styðja við umbætur á þjónustu og málsmeðferð við skipti dánarbúa með stafrænni og rafrænni málsmeðferð. Þar sem heimildirnar reyndust vel í framkvæmd, þótti mikilvægt að viðhalda þeim til að koma í veg fyrir rof á þróunarvinnu og innleiðingu stafrænna lausna fram að endurskoðun laganna. Framangreindar heimildir fyrir rafrænni málsmeðferð er að finna í ákvæði til bráðabirgða í erfðalögum og 158. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. og falla þær úr gildi 1. janúar 2026. Samskonar bráðabirgðaheimildir eru ekki í gildi í lögum um aðför, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu en í ljósi góðrar reynslu af slíkum heimildum lagði dómismálaráðherra fram á 154. löggjafarþingi 2023-2024 frumvarp (þingskjal 1372 – 926. mál) þar sem meðal annars var lagt til að festa heimildir af því tagi í lög um aðför og lög um nauðungarsölu. Það frumvarp hlaut aftur á móti ekki afgreiðslu úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Í erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu er á mörgum stöðum að finna sambærilegar hindranir fyrir notkun stafrænna lausna. Lögin áskilja víðsvegar sem dæmi tiltekinn birtingarhátt og undirrituð gögn við málsmeðferðina, sem nauðsynlegt er að gera hlutlaus svo stafræn og rafræn málsmeðferð rúmist innan þeirra. Þar sem umræddir lagabálkar eru undanskildir gildissviði stjórnarsýslulaga skv. 1. mgr. 2. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, er ekki hægt að byggja á IX. kafla laganna um rafræna meðferð stjórnarsýslumála.

Nauðsynlegt þykir að gera löggjöfina hlutlausa um afhendingarmáta gagna, heimila notkun rafrænna staðfestinga auk þess að heimila notkun fjarfundabúnaðar, sem og birtingu tiltekinna gagna í stafrænu pósthólfi. Í ljósi þess að mikil eftirspurn er hjá almenningi eftir stafrænum lausnum og þær þykja ótvírætt leiða til bættrar þjónustu og hagræðingar í ríkisrekstri auk þess að styðja við byggðasjónarmið, þykir mikilvægt að gera viðhlítandi breytingar á lögum.

Þær tæknilausnir og breytingar sem gerðar hafa verið á málsmeðferðarferlum hjá sýslumönnum og dómstólum undanfarin ár hafa reynst vel og hefur rafræn og stafræn miðlun gagna í tengslum við skipti á dánarbúum aukist jafnt og þétt frá því heimildir voru færðar í lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála og tímabundnar heimildir í lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. og erfðalög nr. 8/1962. Sambærilegar heimildir í lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu féllu úr gildi 1. október 2020 og því hefur ekki fengist sama reynsla á rekstur mála á þeim lagagrundvelli. Ekki er þó ástæða til að ætla annað en að heimildir til rafrænnar og stafrænnar meðferðar á grundvelli þeirra laga nýtist einnig vel. Þá má ætla að einfaldari boðunarháttur til fyrirtöku hjá sýslumanni og dómstólum ásamt heimild til notkunar fjarfundabúnaðar geti sparað tíma málsaðila, lögmannna, boðunaraðila og starfsfólks sýslumanns. Þá muni fjármunir að sama skapi sparast fyrir hlutaðeigandi við minni

pappírnotkun, minni ferðakostnað og ferðartíma og skilvirkari meðferð mála. Í ljósi fjölda mála sem rekin eru hjá sýslumönnum og dómstólum á grundvelli erfðalaga, laga um aðför, laga um skipti á dánarbúum o.fl., laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og laga um nauðungarsölur, þykir ljóst að tækifærin séu ófá til að bæta þjónustuna við almenning með auknu framboði stafrænnar og rafrænnar þjónustu, samhliða því að hagræða við framkvæmd lögbundinna verkefna. Eftirfarandi töflur sem hafa að geyma upplýsingar um þann fjölda beiðna sem komu til meðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum undanfarin ár byggja á uppflettingum í málaskrár sýslumanna og héraðsdómstóla á árinu 2025:

Tafla 1. Fjöldi dánarbúsmála hjá sýslumannsembættum 2018–2024. Taflan byggist á uppflettingu í málaskrár sýslumannsembætta í júlí 2025 og sýnir annars vegar nýstofnuð mál hvers árs og hins vegar málalok hvers árs, óháð því hvenær málið stofnaðist.

Dánarbú	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Nýstofnuð mál	2.310	2.317	2.368	2.389	2.778	2.691	2.702
Einkaskiptum lokið	1.132	1.054	1.307	1.424	1.383	1.389	1.317
Búsetuleyfi veitt	628	657	674	698	760	775	771
Opinberum skiptum lokið	67	62	70	92	70	79	68
Eignalaus bú skv. 25. gr. skl.	278	263	348	319	297	326	329
Eignalaus bú skv. 26. gr. skl.	40	95	63	87	48	44	33
Önnur málalok	59	56	52	53	71	74	63

Tafla 2. Fjöldi fjárnámsmála hjá sýslumannsembættum 2018–2024. Taflan byggist á uppflettingu í málaskrár sýslumannsembætta í júlí 2025.

Fjárnám	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarfjöldi fjárnámsbeiðna	21.674	22.608	17.103	10.785	19.867	17.992	19.247
Fjárnám í fasteign	1.400	1.503	1.177	690	853	948	1.003
Fjárnám í skipi	47	33	25	18	22	21	15
Fjárnám í ökutæki	1.151	1.152	827	424	353	314	250
Fjárnám í öðru andlagi	30	56	54	35	28	42	44
Árangurslaust fjárnám	13.813	14.780	11.416	7.156	14.177	12.693	13.918
Árangurslaust fjárnám að hluta	0	7	5	5	4	10	5
Önnur málalok	5.233	5.077	3.599	2.457	4.430	3.964	4.012

Tafla 3. Fjöldi nauðungarsölubeiðna hjá sýslumannsembættum 2018–2024. Taflan byggist á uppflettingu í málaskrá sýslumannsembættanna í júlí 2025.

Nauðungarsölubeiðnir	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fasteignir	3.272	3.029	2.624	1.698	1.431	1.193	1.470
Skip	33	21	19	13	14	19	10
Löftför	0	2	0	0	0	0	0
Ökutæki	1.169	1.074	627	539	311	406	393
Annað	36	40	9	26	16	21	24
Beiðnir alls	4.510	4.164	3.281	2.276	1.772	1.639	1.897

Tafla 4. Fjöldi seldra eigna á uppboði hjá sýslumannsembættum 2018–2024, en mismunur nauðungarsölubeiðna og seldra eigna á uppboði eru afturkölluð mál. Taflan byggist á uppflettingu í málaskrá sýslumannsembættanna í júlí 2025.

Eignir seldar á framhaldsölu	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Fasteignir	231	322	238	107	61	62	20
Skip	10	5	3	1	0	6	0
Löftför	0	0	1	0	0	0	0
Ökutæki	449	386	206	264	63	25	27
Annað	14	5	4	7	5	7	0
Alls selt	704	718	452	379	129	100	47

Tafla 5. Fjöldi mála á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti hjá héraðsdómstólum 2018–2022.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Gjaldþrotaskiptabeiðnir	2.349	2.320	1.699	1.680	1.500	3.076	1.477
Agreiningarmál v/gjaldþrotaskipta	55	44	48	40	39	48*	54**
Greiðslustöðvunarbeiðnir	4	1	6	2	2	2	2
Nauðungasamningsumleitnir	6	3	4	8	2	4	2

* Þar af 21 mál sem varða atvinnurekstrarbann

** Þar af 23 mál sem varða atvinnurekstrarbann

Tafla 6. Fjöldi tiltekinna fullnustamála hjá héraðsdómstólum 2018–2022.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Aðfararbeiðnir	1.350	845	2.044	499	361	769	630
Agreiningarmál v/aðfarargerða	18	14	12	12	7	11	10
Agreiningarmál v/nauðungarsölu	22	13	6	10	6	4	6

Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu eru að auka gegnsæi og stuðla að betri nýtingu þeirra tæknilegu innviða sem þegar eru í notkun og mótnun á umræddum réttarsviðum, ásamt því að hafa jákvæð umhverfisáhrif með því að skapa forsendur fyrir því að draga úr ferðalögum og notkun pappírs. Frumvarpið mun jafnframt stuðla að því að réttarvörslukerfið verði einfaldara, notendavænna og að málsmeðferð verði greiðari án þess að gæðum og réttaröryggi verði förnað. Ætlunin er að bæta aðgengi að meðferð mála hjá

sýslumönnum og þeim hluta þeirra sem rata til dómstóla, ásamt því að einfalda samskipti, auka skilvirkni og hagkvæmni í starfsemi þeirra sem vinna eftir viðkomandi réttarfarslöggjöf. Einnig er frumvarpinu ætlað að styðja við þinglýsingalög, nr. 39/1978, sbr. breytingalög nr. 151/2018 og 161/2019, lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Með breytingunum er þannig ætlunin að ryðja úr vegi hindrunum í gildandi löggjöf án þess að réttaröryggi sé fyrir borð borið.

3. Meginefni frumvarpsins.

Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem frumvarpið felur í sér en nánari grein er gerð fyrir breytingartillögum í skýringum við einstakar greinar þess.

3.1. Brottfall áskilnaðar um pappírsform, eintakafjölda gagna, undirritun með eigin hendi og önnur atriði af svipuðum meiði.

Málsmeðferðarreglur þeirrar löggjafar sem er til umfjöllunar í frumvarpi þessu og venjur við framkvæmd þeirra miðast í mörgum tilvikum við að gögn séu afhent á pappírsmáli. Sömuleiðis að samskipti af ýmsum toga séu bréflög og að skjöl séu undirrituð með eigin hendi. Frumvarp þetta miðar að því að gera málsmeðferð í ríkari mæli hlutlausu um þau efni og þá tækni sem beitt er hverju sinni en við það skapast forsendur til að nýta stafræna og rafræna tækni í auknum mæli. Við samningu frumvarpsins hefur að þessu leyti verið höfð hliðsjón af frumvarpi sem dómsmálaráðherra lagði fram á 154. gr. löggjafarþingi 2023–2024, (þskj. 1033 – 691. mál) og varð að lögum nr. 53/2024. Til samræmis við framangreint er sömuleiðis horfið frá því að eintakafjöldi gagna og undirritun með eigin hendi séu áskilin lögum samkvæmt, auk þess sem lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar sem betur þykja lýsa tæknilega hlutlausri málsmeðferð. Þá er einnig lagt til með frumvarpinu að áskilnaði um áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun teljist fullnægt með rafrænni staðfestingu. Jafnframt er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilt að setja í reglur nánari ákvæði um framkvæmd þeirra atriða sem að framan eru rakin að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni.

Lagt er til að fest verði ákvæði í erfðalög, lög um aðför, lög um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lög um nauðungarsölu sem taki af öll tvímæli um að stafræn og rafræn málsmeðferð samkvæmt lögum sé að þessu leyti jafngild því að hún fari fram á pappír. Sem dæmi um stafræna málsmeðferð má sjá fyrir sér gagnaskil um vefviðmót hjá sýslumönnum en hliðstæð aðferð hefur undanfarin ár verið viðhöfð fyrir tilstilli hugbúnaðar réttarvörslugáttar í rannsóknarmálum lögreglu fyrir héraðsdómstólum. Væru gögn og/eða tilkynningar á hinn bóginn send með öruggum sendingarmáta með tölvupósti myndi sú aðferð teljast rafræn. Verði frumvarpið að lögum verður mælt fyrir um að heimilt sé að miðla rafrænt eða stafrænt ýmsum beiðnum, tilkynningu eða öðru gagni sem á grundvelli löggjafarinnar er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Sýslumaður eða dómari geti þó ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í máli. Rétt er þó að taka fram í því sambandi að áfram er gert ráð fyrir því að frumrit viðskiptabréfs fylgi aðfararbeiðni í þeim tilvikum þar sem það er áskilið í 2. mgr. 10. gr. laga um aðför, eða berist sýslumanni án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en viku eftir að aðfararbeiðni er móttækin af sýslumanni.

Samhliða lögfestingu ákvæðis um tæknilegt jafngildi í umræddum lögum eru lagðar til nokkrar breytingar á orðalagi þessara lagabálka, sem í dag miðast að miklu leyti við notkun pappírs. Þannig verður að mestu horfið frá notkun orða á borð við „afrit“, „eftirrit“, „ljósrit“ o.s.frv., nema talið sé varlegra að halda í eldra orðalag vegna sjálfstæðrar merkingar hverju

sinni. Í þeim efnum þykir orðið „eintak“ í flestum tilvikum vera samheiti orða sem í gildandi löggjöf vísa til pappírs án þess að frumrit, eftir atvikum á pappír eða stafrænu formi, sé látið af hendi, en einnig þykir mega nota orðið „eintak“ yfir þá aðstöðu að gagni sé miðlað til viðtakanda um stafrænt viðmót, en samtímis varðveitt hjá þeim sem veitir þann aðgang. Í þeim tilvikum þar sem ekki er talin þörf á að nota orðið eru ekki lagðar til breytingar í þá veru.

3.2. Birting gagna í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

Á nokkrum stöðum í lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu er áskilið að tilkynning og gögn skuli send erfingja, gerðarpola, lánardrottni og/eða öðrum málsaðilum á tiltekinn hátt, svo sem bréflega, með ábyrgðarbréfi, með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt af einum stefnuvotti.

Í frumvarpinu er lagt til að birting tilkynningar sýslumanns skv. 21. gr. laga um aðför megi til viðbótar við útborið ábyrgðar bréf og stefnuvott fara fram með í stafrænu pósthólfi gerðarpola í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og telst tilkynningin þá réttilega birt þegar hún er aðgengilega honum þar, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Jafnframt er lagt til að tilkynning héraðsdómara skv. 80. gr. laga um aðför megi birta í stafrænu pósthólfi gerðarpola en aftur á móti er lagt til að slík tilkynning teljist réttilega birt þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku hennar þar. Þykir slíkur áskilnaður nauðsynlegur vegna þeirra hagsmuna sem um er að tefla, m.a. þar sem slíkar tilkynningar geta varðað útburðar- og innsetningargerðir án undangengins dóms eða réttarsáttar, auk þess sem úrskurðir verða ekki enduruppteknir heldur einungis endurskoðaðir með kæru til æðri dóms þar sem kærufrestur er tiltölulega stuttur.

Hvað varðar lög um nauðungarsölu þá er hliðstæð ákvæði að finna í 16. gr. sem fjallar um skyldu sýslumanns til að tilkynna gerðarpola um fram komna beiðni um nauðungarsölu, í 26. gr. sem fjallar um skyldu sýslumanns til að tilkynna gerðarpola bréflega um hvar og hvenær uppboð byrji hafi hann ekki mætt við fyrirtöku, í 35. gr. sem fjallar um tilkynningu til aðila um framhald uppboðs og í 41. gr. en þar er fjallað um skyldu sýslumanns varðandi boðun til fyrirtöku þegar tekin hefur verið til greina beiðni um nauðungarsölu á almennum markaði. Í öllum tilvikum er lagt til í frumvarpinu að birta megi tilkynningar sýslumanns í stafrænu pósthólfi gerðarpola en að tilkynningar skv. 16. gr. og 82. gr. teljist réttilega birtar þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku þar. Í ljósi þess hversu íþyngjandi nauðungarsala er fyrir gerðarpola, m.a. með tilliti til friðhelgi eignaréttar og einkalífs, er talið mikilvægt að gera ríkari kröfur um að gerðarþoli hafi sannarlega vitneskju um að beiðni þar að lútandi hafi komið fram og geti þá gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja hagsmuni sína. Þá er jafnframt haft í huga að ekki verður leyst úr ágreiningi um gildi nauðungarsölu með endurupptöku heldur einungis úrskurði héraðsdómara, sem aftur verði einungis endurskoðaður með kæru til æðri dóms þar sem kærufrestur er tiltölulega stuttur.

Hvað varðar lög um skipti á dánarbúum o.fl. þá er lagt til að sýslumanni sé heimilt skv. 2. mgr. 21. gr. heimilt að birta eignaskrá í stafrænu pósthólfi erfingja í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og telst tilkynningin þá réttilega birt þegar hún er aðgengileg þeim, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2021. Þá er jafnframt lagt til að tilkynning héraðsdómara skv. 43. og 128. gr. laganna megi birta í stafrænu pósthólfi erfingja en að slík tilkynning teljist aðeins réttilega birt þegar erfingjar hafa staðfest móttöku hennar þar. Þykir slíkur áskilnaður nauðsynlegur vegna hagsmuna erfingja við skipti á dánarbúi og þess að úrskurðir héraðsdómara verði einungis endurskoðaðir með kæru til æðri dóms.

Í tilfelli laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þá er lagt til að tilkynningar skv. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 175. gr. megi birta í stafrænu pósthólfi en jafnframt að slík tilkynning teljist ekki birt

fyrir aðilum máls fyrr en þeir hafa staðfest móttöku hennar þar. Þykja sömu rökin eiga við um slíkar tilkynningar og áður greinir, þ.e. vegna þeirra hagsmuna sem eiga undir og endurskoðun úrskurðar með kæru til æðri dóms.

Hvað áhrærir staðfestingu á móttöku í stafrænu pósthólfi er í framkvæmd fyrirhugað að hún fari fram þannig, að þegar viðkomandi skráir sig inn í pósthólfíð eftir að tilkynning hefur verið gerð aðgengileg birtist honum gluggi þar sem gerð er grein fyrir því að verði pósturinn opnaður muni birtingaraðila verða send staðfesting á móttöku skjalsins. Jafnframt verði í glugganum að finna nánari upplýsingar um að opni viðkomandi ekki póstin muni annarra leiða verða leitað til birtingar gagnsins. Eftir sem áður verður að gæta að því að ekki hafa allir aðgang að stafrænu pósthólfi auk þess sem sumir kunna af einhverjum orsökum að eiga óhægt um að nýta sér pósthólfíð sem skyldi. Því má telja líklegt að nokkuð verði áfram um birtingar eftir öðrum aðferðum. Loks þarf að huga að ýmsum atriðum varðandi framkvæmd birtinga í stafrænu pósthólfi, til að mynda hvenær ljóst má vera að slík birting hafi ekki tekist og því þurfi að birta eða senda gagn á annan hátt.

Að endingu er rétt að taka fram að ekki eru lagðar til breytingar á afhendingarmáta gagna sem stafa frá einkaaðilum, svo sem greiðsluáskorana, enda eru þær birtar af gerðarbeiðanda án atbeina sýslumanns, jafnvel þótt hið opinbera kunni eftir atvikum að koma fram sem gerðarbeiðandi í einhverjum tilvikum. Því er með frumvarpinu lagt til að birtingarmáti þeirra verði óbreyttur að öðru leyti en því að heimilað verði að birta áskoranir um greiðslu fésekta ársreikningaskrár með almenntri greiðsluáskorun skv. 8. gr. laganna. Er það sami birtingarháttur og heimill er í dag að því er varðar kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir því enn sem komið er að einkaaðilar sendi eða birti gögn í gegnum stafrænt pósthólf. Þá er þess að geta að í öllum tilvikum er lagt til að símskeyti verði afnumin sem sendingarmáti samkvæmt umræddum lagabálkum. Notkun símskeyta hefur verið hætt og aðrir birtingarmátar þykja betur þjóna þeim tilgangi að koma gögnum til vitundar viðtakanda.

3.3. Heimild málsaðila til að mæta við fyrirtöku hjá sýslumanni, skiptastjóra og hjá dómstólum í gegnum fjarfundabúnað.

Með frumvarpinu er lagt til að sýslumaður geti heimilað mætingu málsaðila á skrifstofu sína vegna andlátstilkynningar eða til fyrirtöku á beiðni um aðför eða nauðungarsölu eða við byrjun uppboðs í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Aftur á móti er ekki ráðgert að nota megi fjarfundabúnað við framhald uppboðs sem fram fer á eigninni sjálfri, sbr. 36. gr. laga um nauðungarsölu. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að skiptastjóri geti heimilað mætingu málsaðila á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Um er að ræða heimildir sýslumanna og skiptastjóra til að heimila málsaðilum að sækja fyrirtökur og fundi í gegnum fjarfundabúnað, en ákvörðun sýslumanns og skiptastjóra á slíkri heimild verði þó ekki unnt að skjóta til héraðsdóms. Ráðgert er að viðmið um framkvæmd þessara heimilda verði útfærð í reglum ráðherra vegna sýslumanna og í reglum dómstólasýslunnar vegna skiptastjóra.

Þá er rétt að geta þess að í 84. gr., 91. gr. og 94 gr. laga um aðför, 77. gr. og 80. gr. laga um nauðungarsölu, 81. gr., 178. gr. og 183. gr. laga um gjaldþrotaskipti og 131. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., er að finna ákvæði sem fela í sér að um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt þeim lögum fari að öðru leyti eftir lögum um meðferð einkamála. Því þykir ekki nauðsynlegt að mæla fyrir um heimild til notkunar fjarfundabúnaðar fyrir dómi í þessum

lagabálkum, enda styðst slík notkun nú þegar við 4. tölul. 4. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 51. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 53/2024.

3.4. Aukið hagræði við innheimtu fésekta ársreikningaskrár.

Loks eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á 1. og 8. gr. laga um aðför sem miða að auknu hagræði og skilvirkni með því að einfalda innheimtu fésekta ársreikningaskrár. Lagt er til að heimilt verði að hefja innheimtu eftir birtingu almennrar greiðsluáskorunar skv. 8. gr. aðfararlaga fyrir lögaðilum vegna sekta af því tagi, í stað þess að birta þurfi greiðsluáskorun fyrir hverjum og einum lögaðila sem sekt hefur verið lögð á. Með því yrði innheimtuferli fésekta ársreikningaskrár einfaldað og fylgt yrði sambærilegu innheimtuferli og þegar skattar og gjöld eru innheimt. Árlega eru um 4.000 sektir ársreikningaskrár lagðar á og við blasir að innheimta með birtingu sérstakrar greiðsluáskorunar eftir ákvæði 7. gr. aðfaralaga og í kjölfarið aðfararbeiðni sem beint er til héraðsdóms til áritunar er, í ljósi fjölda þeirra sekta sem vanskil verða á, bæði kostnaðarsöm og óskilvirk.

Breytingartillagan felur þannig í sér undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um aðför, um að kröfur sem styðjast við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds skulu sendar héraðsdómi til áritunar. Jafnframt felur hún í sér undantekningu frá þeirri meginreglu sem mælt er fyrir um í 7. gr. laga um aðför um að gerðarbeiðandi skuli senda sérstaka greiðsluáskorun til gerðarþola áður en krafist verður aðfarar fyrir kröfu sem fellur undir 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. sömu laga. Verði þessi tillaga að lögum hvílir ekki lengur sú skylda á innheimtumönnum ríkissjóðs að birta sérstaka greiðsluáskorun til gerðarþola áður en aðfarar verður krafist vegna fésektar ársreikningaskrár auk þess sem ekki þarf að senda aðfararbeiðnina til héraðsdóms til áritunar áður en hún er send sýslumanni.

Tilgangurinn að baki 7. gr. laga um aðför, um að gerðarþola skuli send sérstök greiðsluáskorun, er m.a. sá að nauðsynlegt sé að kynna gerðarþola kröfu, áður en aðfarar verður krafist fyrir henni og jafnframt skuli hann eiga þess kost að koma fram mótmælum gegn henni. Um fésekt ársreikningaskrár gegnir öðru máli þar sem álagning sektarinnar á sér vandaðan aðdraganda innan stjórnkerfisins. Sé ársreikningi ekki skilað til ársreikningaskrár skv. 109. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sendir ársreikningaskrá áskorun til félags um að skila inn ársreikningi. Ef ekki er brugðist við þeirri áskorun sendir ársreikningaskrá félaginu bréf þar sem fyrirhuguð sekt er boðuð og félaginu er veittur 30 daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að standa skil á ársreikningi og tjá sig um boðaða sektarákvörðun, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 664/2008 um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Að þeim tíma liðnum skal ársreikningaskrá leggja sektina á með úrskurði sem tilkynnt er gjaldanda með formlegum hætti. Fjárhæð sektarinnar ræðst af fastmótuðum reglum sem fram koma í 120. gr. laganna og er því ekki matskennd ákvörðun ársreikningaskrár. Ársreikningaskrá hefur heimild til að lækka sektarfjárhæðina um 60% skili félagið ársreikningi innan 60 daga frá tilkynningu sektarfjárhæðarinnar, sbr. 4. mgr. 126. gr. sömu laga. Gjaldandi getur einnig kært sektarákvörðun ársreikningaskrár til yfirkattaneftndar hafi ársreikningaskrá metið það svo að ársreikningur eða samstæðureikningur uppfylli ekki ákvæði laganna, sbr. 3. mgr. 126. gr. þeirra. Bent er á að bréf um fyrirhugaða sekt birtist á svæði viðkomandi lögaðila á þjónustuvef skattsins. Ákvörðun um sekt er tekin að loknum fresti skv. 109. gr. laganna og er birt bæði í pósthólfi viðkomandi lögaðila á island.is og á þjónustuvef Skattsins, um leið stofnast krafa í heimabanka lögaðilans. Af þessu er ljóst að ekki er nauðsynlegt að senda gerðarþola sérstaka greiðsluáskorun til að kynna honum kröfuna þar sem hann hefur við meðferð málsins hjá skattyfirvöldum fengið næg tækifæri til að kynna sér kröfuna og gera athugasemdir við hana.

Með vísan til sömu sjónarmiða verður ekki séð að nauðsynlegt sé að senda aðfararbeiðnina til héraðsdóms til áritunar, sbr. 11. gr. laga um aðför. Athugun héraðsdómstóls á aðfararbeiðni við þessar aðstæður tekur eingöngu til formsatriða, s.s. hvort birt hafi verið fyrir gerðarþola með lögmætum hætti, en ekki til sérstakra efnisatriða. Því verður að telja þessa frumathugun héraðsdómara á aðfararbeiðni vegna fésektar ársreikningaskrár ekki nauðsynlega til að vernda réttindi gerðarþola og hefur núverandi innheimtuferli í för með sér óþarfa álag á héraðsdómstóla og verði þessi breytingartillaga að lögum verða innheimtuaðgerðir einnig skilvirkari í því tilliti.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar, en í framkvæmd þarf þó að gæta að því að beiting þeirra heimilda sem frumvarpið varðar gangi ekki á réttindi þeirra sem hlut eiga að máli með tilliti til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. gr. stjórnarskár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og friðhelgi eignaréttar, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu.

5. Samráð.

Dómsmálaráðuneytið vann forgreiningu á núverandi framkvæmd fullnustumála og tækifærum til breytinga með notkun stafrænna lausna í desember 2021. Tvær vinnustofur voru haldnar á vegum dómsmálaráðuneytis, önnur í mars 2022 og hin í janúar 2023, með þátttakendum frá sýslumannsembættum, héraðsdómstólum, Lögmannafélagi Íslands, Skattinum og umboðsmanni skuldara. Markmið vinnustofanna var m.a. að greina núverandi ferla, skilgreina mögulega ferla í stafrænu umhverfi og tengja málefnið við stefnur um stafræna þjónustu hins opinbera og stefnu um framtíðarsýn fyrir málefni sýslumanna. Ráðuneytið hafði samráð við fulltrúa sýslumanna um framkvæmd embættanna á erfðalögum og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., þar sem farið var sérstaklega yfir þá innleiðingu sem átt hefur sér stað undanfarin ár á stafrænum lausnum og þær breytingar sem réttast væri að gera á lögnum til að festa í sessi heimildir fyrir rafræna og stafræna málsmeðferð. Framangreind forgreining á framkvæmd fullnustumála og samráð við sýslumenn og dómstólasýsluna leggur grundvöll að gerð þessa frumvarps.

Áform um þær lagabreytingar sem lagðar voru til með frumvarpi dómsmálaráðherra á 154. löggjafarþingi, þskj. 1372, 926. mál, voru kynnt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-164/2023) á tímabilinu 14. mars – 14. apríl 2023. Ein umsögn barst um áformin, frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Í þeirri umsögn er m.a. lögð áhersla á að réttindi einstaklinga verði tryggð og að málsmeðferð megi ekki vera sjálfkrafa rafræn heldur aðeins með samþykki gerðarþola, enda ljóst að ekki geti allir nýtt sér rafrænar lausnir, svo sem vegna fötlunar eða annarra erfiðleika við notkun tölvubúnaðar.

Drög að fyrri frumvarpi voru kynnt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-217/2023) á tímabilinu 1.–20. nóvember 2023 og bárust um það fjórar umsagnir, frá Hagsmunasamtökum heimilanna, ÖBÍ réttindasamtökum, Samtökum fjármálafyrirtækja og frá einum einstaklingi.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna kemur m.a. fram að verði frumvarpið að lögum í þeirri mynd sem kynnt var í samráðsgátt myndi opnast fyrir þann möguleika að raunverulega yrði hægt að selja heimili fólks á nauðungarsölu án þess að það hefði orðið þess áskynja að slík málsmeðferð væri hafin. Það myndi fela í sér grófa skerðingu mikilvægra mannréttinda á borð við réttláta málsmeðferð og friðhelgi heimilisins. Þessum réttindum ætti ekki að vera

hægt að víkja til hliðar án atbeina dómara með einfaldri stjórnarathöfn og alls ekki án þess að tryggja aðkomu gerðarþola að málsmeðferðinni. Samtökin gerðu í umsögn sinni þá lágmarkskröfu að það verði gert að skilyrðum fyrir réttaráhrifum rafrænnar birtingar á tilkynningum í aðdraganda nauðungarsölu að gerðarþoli hafi móttengið þær með sannanlegum hætti eins og hingað til hafi verið meginregla. Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka er að sama skapi m.a. bent á að til að fara inn á stafræn svæði þurfi viðkomandi að hafa rafræn skilríki og geta beitt þeim til að sækja gögn. Stór hópur hafi ekki rafræn skilríki vegna fötlunar og annar hópur hafi slík skilríki en kunni ekki með þau að fara. Við þessum athugasemdum var brugðist með tillögu um að við 16. gr. laga um nauðungarsölu bætist ný málsgrein þar sem áskilið er að gerðarþoli staðfesti móttöku tilkynningar eða áskorunar sem send er skv. 16. gr., 35. gr. og 41. gr. laga um nauðungarsölu og teljist hún réttilega birt í stafrænu pósthólfi þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku þar. Þá er áréttað í kafla 3.3 að eftir sem áður verði að gæta að því að ekki hafi allir aðgang að stafrænu pósthólfi auk þess sem sumir kunni af einhverjum orsökum að eiga óhægt um vik að nýta sér pósthólfið sem skyldi. Því megi telja líklegt að nokkuð verði áfram um birtingar eftir öðrum aðferðum.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja er rakið að í drögum að frumvarpinu eins og þau birtust í samráðsgátt sé mælt fyrir um að ákveði sýslumaður að bæði fyrsta fyrirtaka og byrjun uppboðs á starfsstöð sýslumanns falli niður þá skuli hann boða til uppboðs á eigninni sjálfri innan árs frá dagsetningu boðaðrar fyrstu fyrirtöku. Að mati samtakanna er ekki tækt að sjálfkrafa verði árs frestur frá boðaðri fyrstu fyrirtöku fram að lokasölu meti sýslumaður það svo að ekki sé ástæða til að láta fyrstu fyrirtöku og byrjun uppboðs fara fram. Eðlilegra væri að fyrirtöku væri frestað um mánuð í senn eins og framkvæmdin hafi verið hingað til. Í frumvarpinu er nú horfið frá fyrri tillögu um að sýslumaður geti ákveðið að bæði fyrirtaka og byrjun uppboðs á starfsstöð falli niður. Málsmeðferðin verður því óbreytt að öðru leyti en því að áfram er lagt er til að heimilt verði að birta tilkynningar og önnur gögn með rafrænum og stafrænum hætti og að sýslumanni sé heimilt að bjóða upp á mætingu á skrifstofu sína í gegnum fjarfundabúnað.

Þá barst ein umsögn frá einstaklingi þar sem fram kom að skylda ætti fjármálastofnanir/sýslumann eða hvern þann sem fari fram á nauðungarsölu til að skila uppgjöri til þess sem missir fasteign sína. Þessi athugasemd þótti ekki gefa tilefni til breytingar á frumvarpinu.

Líkt og fram kom í kafla 1 byggist frumvarp þetta að hluta á því frumvarpi sem lagt var fram á 154. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Nefndin aflaði umsagna við frumvarpið og bárust henni fjórar umsagnir sem hér verður gerð grein fyrir.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna er m.a. talin ástæða til að breyta nauðungarsölu úr stjórnsýsluathöfn í dómsathöfn og að tekið verði til athugunar að leita þurfi úrskurðar dómara um heimild til að fara fram á nauðungarsölu, að lágmarki þegar um heimili gerðarþola sé að ræða. Þá verði sala á almennum markaði gerð að meginreglu í stað uppboðs til að hámarka söluverð eigna. Samtökin séu ekki mótfallin innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar svo lengi sem réttaröryggi einstaklinga sé tryggt jafn vel og við hefðbundna málsmeðferð. Í öllum tilvikum eigi að miða við að tilkynningar við fullnustugerðir teljist birtar þegar gerðarþoli hafi staðfest móttöku. Enn fremur sé mikilvægt að tryggja að gerðarþolar fái skýrar og góðar leiðbeiningar í nauðungarsölumálum, þar á meðal um rétt þeirra til að óska þess að nauðungarsala fari fram á almennum markaði. Einnig að skýrt verði kveðið á um skyldu sýslumanna til að kanna sérstaklega hvort 38. gr. laga nr. 116/2016 um fasteignalán til neytenda hafi verið fylgt þegar þeim berst beiðni um nauðungarsölu á grundvelli samnings

um þess konar lán. Jafnframt að kveða skýrar á um skyldu kröfuhafa til að skila gerðarþola uppgjöri miðað við markaðsverð eignar.

ÖBÍ – réttindasamtök fagna því að brugðist hafi verið við áhyggjum þeirra vegna stafrænnar móttöku en árétta að lagaumhverfi stafrænna umbreytinga sé það ábótavant að ekki sé unnt að tryggja fötluðu fólk fulla þátttöku í stafrænu þjóðfélagi framtíðarinnar.

Í umsögn Skattsins eru lagðar til þær breytingar á frumvarpinu að innheimtumönnum ríkissjóðs verði með nánar tilteknum hætti heimilað að birta greiðsluáskoranir samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. laga um aðför og samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laga um nauðungarsölu í stafrænu pósthólfi. Megin röksemdirnar sem færðar eru fram fyrir þeim tillögum eru betri og hagkvæmari birtingarmáti, minni notkun pappírs og samræmi birtingarmáta.

Sýslumannaráð fagnar þeim skrefum í átt að innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar í fullnustugerðum sem boðuð eru. Þó telur ráðið ástæðu til að heimila birtingu greiðsluáskoranna í stafrænu pósthólfi og að birtingar í stafrænu pósthólfi, skv. lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, teljist ávallt lögmætar nema sérstakur áskilnaður sé í lögunum um annað birtingarform. Sömuleiðis að fjármagn verði tryggt til farsællar innleiðingar breytinganna verði frumvarpið að lögum. Sýslumannaráð kemur jafnframt á framfæri ábendingum um ýmis ákvæði frumvarpsins, þar á meðal ákvæði um móttöku aðfarar- og nauðungarsölubeiðna, frumrit og önnur einstök gagna, heimild til mætingar gegnum fjarfundabúnað, nokkrar orðalagsbreytingar og ætlaða gildistöku laga verði frumvarpið að lögum.

Í tilefni af framangreindum umsögnum til allsherjar og menntamálanefndar Alþingis er tekið fram að samkvæmt lögum um nauðungarsölu fer málsmeðferð að meginstefnu fram hjá sýslumönnum, en lögin veita aðilum að nauðungarsölu jafnframt heimildir til að bera ágreining um hvort nauðungarsala fari fram og ágreiningi um gildi nauðungarsölu undir héraðsdóm. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að haggja við þeirri skipan, en við vinnslu þess er gætt að því að heimildir aðila til að leita úrlausnar dómstóla um ágreining séu ekki fyrir borð bornar. Þá eru heldur ekki lagðar til breytingar á gildandi heimildum 23. gr. laganna til að óska eftir því að nauðungarsala á eign fari fram á almennum markaði eftir ákvæðum VI. kafla þeirra laga, né heldur á þeim skyldum við meðferð mála samkvæmt lögunum sem sýslumanni ber að gæta að af sjálfsdáðum eða ákvæðum VII. kafla þeirra um úthlutun söluverðs. Við samningu frumvarpsins hefur eftir fremsta megni verið miðað að því að bæta málsmeðferð þeirrar löggjafar sem frumvarpið varðar við birtingar gagna, aðgengi að gögnum og mætingu á skrifstofu sýslumanns í gegnum fjarfundabúnað. Í því tilliti hefur verið leitast við að taka mið af ólíkum þörfum og réttaröryggi málsaðila, en samtímis miðað að því að koma á umbótum í þeim hluta málsmeðferðarinnar sem í dag er hvað þýngst í vöfum.

Eins og fram kemur í 1. kafla þá byggir frumvarp þetta að hluta á frumvarpi því sem lagt var fram af dómismálaráðherra á 154. löggjafarþingi 2023-2024, þskj. 1372 – 926. mál, en hlaut ekki afgreiðslu úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Frumvarpið er nú endurflutt með talsverðum breytingum frá fyrra frumvarpi. Þær helstu fela í sér fráhvarf frá þeirri tillögu að fækka fyrirtökum á grundvelli laga um aðför og laga um nauðungarsölu. Vegna samlegðar við breytingar á öðrum lagabálkum sem ráðuneytið hefur undanfarið haft til skoðunar, er með frumvarpi þessu nú einnig lagðar til breytingar á erfðalögum, lögum um skipti á dánarbúum o.fl. og lögum um gjaldprotaskipti o.fl., til viðbótar hluta fyrri breytinga við lög um aðför og lög um nauðungarsölu.

Áform um þær lagabreytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu voru kynnt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-122/2025) á tímabilinu 11. – 31. júlí 2025. Fjórar umsagnir bárust um áformin, frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum

upplýsingatæknifyrirtækja, Landssamtökunum Proskahjálp, ÖBÍ réttindasamtökum og Hagsmunasamtökum heimilanna.

Í umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja er áformum um að færa málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum í aukið rafrænt horf fagnað. Slíkar breytingar geti leitt til aukinnar skilvirkni, lægri kostnaðar og betri þjónustu fyrir notendur. Samtökin vekja athygli á mikilvægi þess að sjónarmið um samkeppni, nýsköpun og jafnrétti verði í fyrirrúmi til að tryggja aðgengi að markaðnum. Í því samhengi er bent á áherslur Ríkisendurskoðunar í nýlegri skýrslu um innkaup ríkisaðila á upplýsingatækni. Mikilvægt sé að frumvarpið afmarki skyldu til notkunar sameiginlegra innviða og að það hafi að geyma kröfur um tækniaðila og skilgreinda innviði til að forðast markaðshindranir og stuðla að hvata til nýsköpunar. Mikilvægt sé að frumvarpið stuðli að opnum, sveigjanlegum og framsæknum tæknilausnum sem þjóni hagsmunum bæði ríkis og atvinnulífs til framtíðar.

Í umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar er vísað til 4., 5. og 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og bent á að ákvæðin hafi verulega þýðingu m.t.t. fyrirhugaðrar lagasetningar. Gerð er grein fyrir því að stór hópur fatlaðs fólks hafi ekki aðgang að rafrænum skilríkjum og muni þar af leiðandi ekki geta nýtt sér þá viðbótarþjónustu sem ætlunin er að innleiða í lög. Vegna þessa sé mikilvægt að ekki verði horfið frá að bjóða upp á hefðbunda málsmeðferð, á pappírformi, með þeim hætti að fullt tillit verði tekið til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks almennt. Við undirbúning, gerð og framkvæmd áformanna þurfi að gæta þess sérstaklega að taka fullt tillit til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka kemur fram að þau styðji áform um að festa í sessi rafræna og stafræna málsmeðferð en leggi áherslu á að fylgt verði viðmiðum um stafrænt aðgengi fyrir fatlað fólk. Samtökin vísa máli sínu til stuðnings í Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/2102 og áform um að innleiða evrópska aðgengisstaðalinn EN 301 549, sem mun innihalda WCAG staðalinn. Þá leggja samtökin áherslu á að skilgreina þurfi aðgengi fatlaðs fólks að stafrænum lausnum, sem tekur tillit til stoðtækja, túlkajónustu eða annarrar aðlögunar, þannig að sem flestir geti nýtt lausnirnar í stað þess að reiða sig á varalausnir og umboðsleiðir.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna er m.a. talin ástæða til að breyta nauðungarsölu úr stjórnsýsluathöfn í dómsathöfn og að tekið verði til athugunar að leita þurfi úrskurðar dómara um heimild til að fara fram á nauðungarsölu, að lágmarki þegar um heimili gerðarþola sé að ræða. Þá verði sala á almennum markaði gerð að meginreglu í stað uppboðs til að hámarka söluverð eigna. Samtökin séu ekki mótfallin innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar svo lengi sem réttaröryggi einstaklinga sé tryggt jafn vel og við hefðbundna málsmeðferð. Rafræn málsmeðferð megi ekki vera sjálfgefin heldur byggjast á samþykki málsaðila, enda geti ekki allir nýtt sér stafrænar lausnir. Samtökin vísa til fyrri umsagna við frumvörp af svipuðum toga, sbr. þingskjal 1372 – 926. mál og 1033 – 691. mál, bæði á 154. löggjafarþingi 2023-2024, sem sneru að birtingarhætti í stafrænu pósthólfi. Telja samtökin að í öllum tilvikum eigi að miða við að tilkynningar sem haft geta réttaráhrif teljist aðeins birtar þegar málsaðili hefur staðfest móttöku. Að öðrum kosti sé ekki hægt að tryggja að slíkar tilkynningar hafi komist til vitundar viðtakanda og þar með leitt til réttarspjalla fyrir viðkomandi. Enn fremur sé mikilvægt að samræma ákvæði laga um aðför og lög um nauðungarsölur betur við reglur um leiðbeiningarskyldu og neytendavernd, einkum í aðdraganda og eftirmálum nauðungarsölu. Að öðru leyti vísa samtökin til fyrri umsagna sinna vegna framangreindra þingmála, sem reifaðar eru að hluta hér að framan.

Áður en frumvarp þetta var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is, var tekið tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust í samráðsgátt stjórnvalda (mál S-164/2023 og S-217/2023) og til allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis meðan frumvarp dómsmálaráðherra á 154. löggjafarþingi, þskj. 1372, 926. mál, var til umsagnar hjá nefndinni. Auk þess var tekið tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust meðan áform þessa frumvarps voru kynnt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is (mál nr. S-122/2025).

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er ætlunin að ryðja úr vegi hindrunum í gildandi löggjöf fyrir því að nota megi stafræna og rafræna málsmeðferð við meðferð mála sem rekin eru hjá sýslumönnum, skiptastjórum og dómstólum á grundvelli erfðalaga, laga um aðför, laga um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og laga um nauðungarsölu, til samræmis við stefnu stjórnvalda um framtíðarsýn um málefni sýslumanna sem og stafræna þjónustu hins opinbera, sjá nánari umfjöllun í 2. kafla. Það verði gert með því að gera fyrrgreinda löggjöf hlutlausa um afhendingarmáta gagna, heimila notkun rafrænna staðfestinga o.s.frv., auk þess að heimila notkun fjarfundabúnaðar í auknum mæli sem og birtingu tiltekinna gagna í stafrænu pósthólfi.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld eða hafi að öðru leyti áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Þó má ætla að kostnaður vegna pappírsmálsnotkunar og umsýslu minnki, þar á meðal við birtingar.

Árið 2024 var kynjasamsetning í ársstörfum/-verkum hjá starfsfólki sýslumannsembættanna þannig að karlar voru 22,14% og konur 77,86%. Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks er um 50,6% og af þeim er hlutfall kvenna um 67% og karla 33%. Ef hlutfallsskipting menntunar eftir kyni er skoðað, má hins vegar greina talsverðan mun. Í tilfelli kvenna er um 44,8% með háskólamenntun meðan hlutfallið er um 71,1% í tilfelli karlanna. Þetta sýnir að menntunarstig kvenna er lægra en karla og að af þeim körlum sem starfa hjá embættunum séu þeir í meirihluta með háskólamenntun. Benda má á að samkvæmt velsældarvísi Hagstofu Íslands hefur hlutfall háskólamenntunar og starfs- og framhaldsmenntunar verið hærri hjá konum en hjá körlum á undanförunum árum og því má álykta að konur séu líklegri til að taka við nýjum og sérhæfðari störfum hjá sýslumönnum heldur en karlar. Þannig er talið að frumvarpið kunni með tímanum að hafa jákvæð áhrif á jafnrétti og stöðu kynjanna og jafna kynjahlutfall háskólamenntaðra starfsmanna í framtíðarstörfum sýslumannsembættisins.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ný grein, 10. gr. a, verði tekin upp í erfðalög, sem leggi meðferð á beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi á stafrænan og rafrænan máta að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Almennt verði þannig jafngilt að beiðni og önnur gögn sem berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli á hvern þann máta sem ákvæðið heimilar, auk þess sem rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi.

Í 1. mgr. nýrrar 10. gr. a yrði kveðið á um að beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi eða annað gagn sem tengist beiðninni og er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli sé heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögum að rafræn og stafræn gögn séu jafngild þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó

að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á málsmeðferð sýslumanns við afgreiðslu beiðninnar heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna við afgreiðslu beiðninnar en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á hjá sýslumanni.

Með þeim sem aðkomu eiga að máli á grundvelli laganna er til að mynda átt við sýslumenn og starfsfólk þeirra, lögmenn, málsaðila, eftirlifandi maka og hvern þann annan sem kemur að meðferð beiðni um leyfi til setu í óskiptu búi.

Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að sýslumaður geti ákveðið að frumrit gagna verði lögð fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málið varðar.

Í 2. mgr. nýrrar 10. gr. a er kveðið á um að þegar II. kafli laganna eða venja áskilji áritun, undirritun, staðfestingu, eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum beiðni eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlun um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Að því er hina rafrænu staðfestingu varðar þá kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða að eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifa sem við þær eru bundnar.

Um 3. mgr. vísast til umfjöllunar í kafla 3.2 frumvarpsins. Með ákvæðinu er lagt til að gagn teljist birt réttilega fyrir viðtakanda þegar það er aðgengilegt honum í stafrænu pósthólfí viðkomandi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021.

Með 4. mgr. greinarinnar er ráðherra heimilað að mæla nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni. Með reglusetningarheimild ráðherra er ætlunin að útfært verði nánar hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar. Horft er til þess að unnt verði að gera ólíkar kröfur eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni og haft í huga að í sumum tilvikum geti til að mynda fullgild rafræn auðkenning verið óþörf eða jafnvel of kostnaðarsöm, en í öðrum geti slík auðkenning verið talin nauðsynleg. Að því er varðar form, frágang og afhendingarmáta gagna er stefnt að samræmi milli embætta sýslumanna við meðferð beiðna um leyfi til setu í óskiptu búi og annarra tengdra gagna.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að nýjum tölulið um fésektir ársreikningaskrár verði aukið við upptalningu aðfararheimilda skv. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför. Hinni nýju heimild er ætlað að styðja við þá breytingu sem lögð er til á 8. gr. laganna með 5. gr. frumvarpsins að sérstaklega verði heimilað, líkt og í tilviki krafna um skatta og annarra samsvarandi gjalda sem innheimt eru með nánar tilgreindum hætti, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, að birta gjaldendum almenna greiðsluáskorun skv. 8. gr. laga um aðför í stað þess að lögmaelt verði að birta

hverjum og einum gjaldanda sérstaka greiðsluáskorun að hætti 7. gr. laganna. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.4.

Um 3. gr.

Lagt er til að ný grein, 4. gr. a, verði tekin upp í lög um aðför, sem leggi málsmeðferð á stafrænan og rafrænan máta samkvæmt lögunum að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Almennt verði þannig jafngilt að aðfararbeiðni, tilkynningar og önnur gögn berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að málum sem rekin eru samkvæmt lögunum á hvern þann máta sem ákvæðið heimilar, auk þess sem rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi.

Í 1. mgr. nýrrar 4. gr. a yrði kveðið á um að aðfararbeiðni, tilkynningu eða öðru gagni sem á grundvelli laganna er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli sé heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögunum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarhari sem slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögunum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögunum, hvort heldur er við meðferð mála hjá sýslumanni eða dómstólum.

Með þeim sem aðkomu eiga að máli á grundvelli laganna er til að mynda átt við sýslumenn og starfsfólk þeirra, lögmennt, dómara og starfsfólk dómstóla, málsaðila, vitni eða hvern þann annan sem málsmeðferð laganna tekur til hverju sinni.

Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn eða tilkynningu, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna tilkynningar eða gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að dómari geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi, enda telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í dómsmáli. Sömuleiðis að sýslumaður geti ákveðið að frumrit annarra gagna en þeirra sem tilgreind eru í 2. mgr. 10. gr. laganna verði lögð fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málsaðili telur sig eiga.

Í 2. mgr. nýrrar 4. gr. a er kveðið á um að þegar lögin eða venja áskilji áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum tilkynning eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlan um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Að því er hina rafrænu staðfestingu varðar þá kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða tilkynning eða eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifa sem við þær eru bundnar.

Með 3. og 4. mgr. er lagt til að aðfararbeiðni, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er með rafrænum eða stafrænum hætti á grundvelli ákvæðisins teljist að meginstefnu komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efnis þess. Frá þessu eru þó lagðar til tvær undantekningar. Í fyrsta lagi er lagt til að birtingarháttur greiðsluáskorana skv. 7. gr. laganna verði óbreyttur og er þar meðal annars horft til þess að einkaaðilar geta ekki birt gögn í stafrænu pósthólfi. Þá er í öðru lagt til að tilkynning dómara um aðfararbeiðni skv. 80. gr. teljist vegna þeirrar hagsmuna sem um ræðir réttilega birt í stafrænu pósthólfi hefur staðfest móttöku hennar þar. Um 3. og 4. mgr. vísast að öðru leyti nánar til umfjöllunar í kafla 3.2 og skýringa við og 15. gr. frumvarpsins.

Með 5. mgr. er ráðherra heimilað að mæla nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni. Með reglusetningarheimild ráðherra er ætlunin að útfært verði nánar hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar. Horft er til þess að unnt verði að gera ólíkar kröfur eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni og haft í huga að í sumum tilvikum geti til að mynda fullgild rafræn auðkenning verið óþörf eða jafnvel of kostnaðarsöm, en í öðrum geti slík auðkenning verið talin nauðsynleg. Að því er varðar form, frágang og afhendingarmáta gagna er miðað að samræmi milli embætta sýslumanna við meðferð beiðna um um aðför og annarra tengdra gagna. Sams konar heimild að því er varðar meðferð almennra einkamála fyrir dómi er að finna g-lið 2. mgr. 15. gr. laga um meðferð einkamála og á grundvelli þess ákvæðis hefur dómstólasýslan sett reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að gerðarbeiðanda verði ekki verði lengur heimilt að birta gerðarþola greiðsluáskorun skv. 1. mgr. 7. gr. laga um aðför með símskeyti. Notkun símskeyta hefur nú verið hætt en nokkuð var um hana þegar lögin tóku gildi. Aðrir birtingarmátar samkvæmt ákvæðinu, þ.e. með ábyrgðarbréfi eða stefnuvotti, þykja betur þjóna þeim tilgangi að koma áskorun gerðarbeiðanda til vitundar gerðarþola.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að aukið verði við 8. gr. laga um aðför heimild til að skora með almennri greiðsluáskorun, í dagblöðum eða öðrum samsvarandi hætti, á lögaðila sem ársreikningaskrá hefur lagt á fésekt samkvæmt gildandi 1. og 2. mgr. 120. gr. laga um ársreikninga, sbr. 2. gr. frumvarpsins um breytingu á 1. mgr. 1. gr. laga um aðför. Um nánari skýringu og sjónarmið sem hér búa að baki vísast til skýringa við 2. gr. og kafla 3.4.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um að heimilað verði að frumrit viðskiptabréfs berist án ástæðulauss dráttar, eigi síðar en viku frá því aðfararbeiðni barst sýslumanni, í stað þess að frumrit verði að fylgja beiðninni. Þessari heimild er einkum ætlað að styðja við þá framkvæmd að heimilt verði að leggja aðfararbeiðni fram á rafrænu eða stafrænu formi á grundvelli nýrrar 4. gr. a laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en að frumrit viðskiptabréfs á pappír megi í kjölfarið berast án ástæðulauss dráttar. Við þær aðstæður er gerðarbeiðanda nauðsynlegt að koma frumriti viðskiptabréfs á pappír strax til viðtakandans til sönnunar á kröfu sinni, enda er skilríki af því tagi forsenda frekari aðgerða sýslumanns eða eftir atvikum dómara samkvæmt lögunum, en að öðrum kosti kann að koma til álita að hafna beiðni um aðför, sbr. 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 17. gr. laganna. Ein vika þykir nægjanlegt svigrúm til að koma heimildarskjali til sýslumanns

og verður við mat á nauðsynlegu svigrúmi að hafa hugfast að í dag skulu aðfararbeiðni og heimildarskjal að meginreglu berast samtímis, auk þess sem gerðarbeiðandi getur jafnframt komið aðfararbeiðni sinni á framfæri við sýslumann þegar hann sér fram á að koma frumriti heimildarskjalsins innan vikutíma.

Um 7. gr.

Sú breyting sem lögð er til með b-lið lýtur að því að fallið sé frá því að gera kröfu um að aðfararbeiðni og fylgigögn hennar séu send héraðsdómara í tvíriti. Ef frumvarpið verður að lögum yrði eftirleiðis heimilt á grunni fyrirhugaðrar nýrrar 4. gr. a laga um aðför, að senda gögn af því tagi hvort heldur sem er á stafrænan, rafrænan eða bréfléggan máta og því óþarft að tiltaka eintakafjölda gagna í lögunum, auk þess sem það væri í andstöðu við markmið frumvarpsins, svo sem að draga úr notkun pappírs.

Þá breytingu sem lögð er til með a-lið leiðir af fyrrgreindri breytingu sem ráðgerð er með b-lið, en eftir sem áður verður nauðsynlegt að senda fylgigögn með aðfararbeiðni. Breytingin lýtur einvörðungu að því að áskilnaður þess efnis er færður til innan 2. mgr. 11. gr. laganna.

Með c-lið er lagt til að aukið verði við 11. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang ganga vegna meðferðar mála fyrir dómi samkvæmt lögunum fari að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

Um 8. gr.

Líkt og rakið er í kafla 3.1 er orðinu „eintak“ ætlað að hafa viðtæka skírskotun til þess þegar gögnum er miðlað til móttakanda á grundvelli laga um aðför, ýmist stafrænt, rafrænt eða á pappírformi. Í því samhengi sem orðið er að gildandi rétti notað í 2. mgr. 15. gr. laganna þykir annars vegar ekki þörf á að tala um annað eintak beiðni um aðför heldur er nægilegt að tala um eintak beiðni af því tagi sem héraðsdómari heldur eftir. Hins vegar þykir með sömu röksemdum heppilegra að nota orðið eintak fremur en orðið „samrit“ um það eintak fylgigagna beiðninnar sem héraðsdómari varðveitir skv. niðurlagi 2. mgr. 15. gr. laganna.

Um 9. gr.

Lögð er til breyting á orðalagi 18. gr. laganna í þá veru að eftirleiðis verði kveðið á um að aðfararbeiðnir skuli skráðar um móttökudag og í þeirri röð sem þær berast í stað þess að mælt sé fyrir um að þær skuli skráðar í áframhaldandi númeraröð eftir því sem þær berist, áritaðar um móttökudag og auðkenndar númeri. Með breytingunni er ætlunin að skapa aukið svigrúm fyrir sýslumenn um þá aðferð sem notuð er við að skrá aðfararbeiðnir, en gæta samtímis að nauðsyn þess að halda því til haga hvenær aðfararbeiðnir berast og í hvaða röð vegna þeirra réttaráhrifa sem af þeim upplýsingum kunna að leiða. Með því að kveða einvörðungu á um staðfestingu sýslumanns í stað nánari útfærslu þessa framkvæmdaratriðis í löggjöf er horft til þess að einfaldara verði að uppfæra verklag eftir því sem tilefni verður til, án þess að afsláttur verði gefinn af réttaröryggi eða nauðsynlegri festu og gegnsæi við meðferð aðfararbeiðna, eða samræmi í verklagi á milli sýslumannsembætta. Þannig þykja skapast enn frekari tækifæri til tæknilegra úrfærslna við málsmeðferð.

Um 10. gr.

Með greininni er mælt fyrir um breytingar á 21. gr. laga um aðför. Að gildandi rétti skal gerðarþola tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á

hvaða tíma tiltekens dags. Sýslumaður skal senda gerðarpola tilkynninguna með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta hana af einum stefnuvotti.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 21. gr. laganna að ekki verði lengur heimilt að birta gerðarpola tilkynningu skv. 1. mgr. með símskeyti. Notkun símskeyta hefur verið hætt en voru í notkun þegar löggin tóku gildi. Þá er lagt til að aukið verði við núgildandi birtingarmáta skv. 2. mgr. 21. gr. laganna heimild sýslumanns til birtingar í stafrænu pósthólfi og telst tilkynningin þá réttilega birt þegar hún er aðgengileg gerðarpola þar, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Birting með útbornu ábyrgðarbréfi eða með stefnuvotti er sami birtingarháttur og heimill er að gildandi rétti og þykir ekki þarfnast frekari skýringa. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 22. gr. laga um aðför sem kveði annars vegar á um að sýslumaður geti heimilað mætingu málsaðila við aðför sem fram fer á starfsstofu sýslumanns samkvæmt lögnum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess sé kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Teljist það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila. Hins vegar að ráðherra sé heimilt að setja reglur um heimild til mætingar við aðför um fjarfundabúnað.

Samkvæmt gildandi 1. mgr. 22. gr. laganna skal aðför að jafnaði byrja á starfsstofu sýslumanns nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna og í 2. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um nánar tilteknar undantekningar frá því. Með hinni nýju málsgrein er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig málsaðilar mæta við framkvæmd aðfarar án þess að réttindi þeirra verði fyrir borð borin. Áhersla er lögð á að um er að ræða heimild sýslumanns til að liðka fyrir því að málsaðilar geti mætt til fyrirtöku aðfararbeiðni en ekki skilyrðislausan rétt málsaðila til að mæta með þessum hætti. Alla jafna ætti þó sýslumaður að geta orðið við beiðni þessa efnis sem fram kemur tímanlega svo að unnt sé að koma mætingu með þessu móti við, en að öðrum kosti verður málsaðili líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða málsvari sem hæfur er að lögum til að gæta að hagsmunum málsaðilans fyrir hans hönd. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild málsaðila til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, er með 17. gr. frumvarpsins sem verður að nýrri 5. mgr. 85. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum sýslumanns við framkvæmd aðfarar til héraðsdóms, sbr. 14. kafli laganna. Með hliðsjón af sjónarmiðum um réttaröryggi þykir á hinn bóginn réttmætt að unnt sé að krefjast úrlausnar héraðsdóms um ákvarðanir sýslumanns um atriði sem varða heimild málsaðila til að mæta við aðför í gegnum fjarfundabúnað eftir almennum heimildum eftir lok aðfarargerðar, sbr. 15. kafli laganna.

Þá er ráðherra með tillögu að nýrri 4. mgr. 22. gr. fengin heimild til að setja reglur um heimild til mætingar við aðför um fjarfundabúnað. Slíkum reglum væri einkum ætlað að útfæra ýmis atriði og viðmið um mætingu málsaðila gegnum fjarfundabúnað. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki rakin í kafla 3.3.

Um 12. gr.

Þær breytingar sem mælt er fyrir um í 12. gr. lúta að því að skipta orðinu „undirrita“ út fyrir orðið „staðfesta“ í 3. mgr. 33. gr. og 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 34. gr. laganna til þess

að auka svigrúm til framkvæmdar laganna með tilliti til tæknilegra lausna. Í þeim efnum er þó vert að áréttu að ekki er lagt bann við undirritun með eigin hendi.

Um 13. og 14. gr.

Með greinunum er lagt til að orðið „eftirrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 15. gr.

Með a-lið er lagt til að ekki verði lengur heimilt að kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm vegna aðfararbeiðni samkvæmt fyrirmælum 14. eða 78. gr. laga um aðför með símskeyti. Notkun símskeyta hefur verið hætt en voru í notkun þegar lögin tóku gildi. Aðrir birtingarmáttar samkvæmt ákvæðinu þykja betur þjóna þeim tilgangi að koma tilkynningu dómara til vitundar gerðarþola.

Þá eru með b-lið lagt til að tveir málsliðir bætist við 2. mgr. 80. gr. laganna, þar sem mælt er fyrir um áskilnað birtingar í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að tilkynning skv. 1. mgr. 80. gr. laganna teljist réttilega birt í hinu stafræna pósthólfi þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku. Þá fari að öðru leyti um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir þeim lögum en að öðrum kosti verði birt með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti. Með tilliti til friðhelgi eignaréttar gerðarþola þykir mikilvægt að hann hafi trygga vitneskju um að fyrirhugað þinghald og staðfesti því móttöku. Þannig geti hann gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja hagsmuni sína. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2. Birting með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti er sami birtingarháttur og heimill er að gildandi rétti og þykir ekki þarfnast frekari skýringa.

Um 16. gr.

Með greinunum er lagt til að orðin „samrit“, „ljósrit“ og „eftirrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 17. gr.

Með greininni er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 85. gr. laganna sem kveður á um að ekki verði heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara skv. 14. kafla laganna, um atriði sem varða heimild til að mæta við aðför í gegnum fjarfundabúnað, en mælt er fyrir um heimild málsaðila til að mæta við aðför á þann máta með 11. gr. frumvarpsins, sbr. ný 3. mgr. 22. gr. laganna verði frumvarpið að lögum. Með heimildinni er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig málsaðilar mæta við framkvæmd aðfarar án þess að réttindi þeirra verði fyrir borð borin. Líkt og rakið er í skýringum við 11. gr. er lögð áhersla á að um er að ræða heimild sýslumanns til að liðka fyrir því að málsaðilar geti mætt til fyrirtöku aðfararbeiðni en ekki skilyrðislausan rétt málsaðila til að mæta með þessum hætti. Alla jafna ætti þó sýslumaður að geta orðið við beiðni þessa efnis sem fram kemur tímanlega svo að unnt sé að koma mætingu með þessu móti við, en að öðrum kosti verður málsaðili líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða málsvari sem hæfur er að lögum til að gæta að hagsmunum málsaðilans fyrir hans hönd. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild málsaðila til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, er með þessari grein, sem verður að nýrri 5. mgr. 85. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum sýslumanns við framkvæmd aðfarar til héraðsdóms. Að sama skapi er rétt að

vekja athygli á því að eftir almennum reglum 15. kafla laganna yrði unnt að krefjast úrlausnar héraðsdóms um ákvarðanir sýslumanns um atriði af þessum toga eftir lok aðfarargerðar. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 18. gr.

Með greinunum er lagt til að orðin „ljósrít gagna og eftirrit úr gerðabók“ víki fyrir orðunum „eintök gagna og gerðabókar, af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að héraðsdómara sé heimilt að boða málsaðila til þinghalds með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 80. gr. laganna. Samkvæmt því telst tilkynning skv. 1. mgr. 87. gr. laganna réttilega birt í hinu stafræna pósthólfi þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku. Þá fari jafnframt að öðru leyti um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir þeim lögum en að öðrum kosti verði birt með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti. Með tilliti til friðhelgi eignaréttar gerðarþola þykir mikilvægt að hann hafi tryggja vitneskju um að fyrirhugað þinghald og staðfesti því móttöku. Þannig geti hann gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja hagsmuni sína. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2. Að öðru leyti vísast til skýringa við 15. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „eftirrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 21. gr.

Með a-lið er lögð til breyting sem miðar að því að heimila héraðsdómara að boða málsaðila til þinghalds með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 80. gr. laganna vegna úrlausnar ágreinings eftir lok aðfarargerðar. Með greininni er áréttað að boðun til þinghalds telst réttilega birt í hinu stafræna pósthólfi þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku. Þá fari jafnframt að öðru leyti um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir þeim lögum en að öðrum kosti verði birt með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti. Með er að auki verið að tryggja samræmi við almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, sbr. 1. gr. a laga um meðferð einkamála. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2. Að öðru leyti vísast til skýringa við 15. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Lagt er til að ný grein, 4. gr. a, verði tekin upp í lög um skipti á dánarbúum o.fl., sem leggi málsmeðferð á stafrænan og rafrænan máta samkvæmt lögunum að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Almennt verði þannig jafngilt að beiðni og önnur gögn sem berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli á hvern þann máta sem ákvæðið heimilar, auk þess sem rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi.

Í 1. mgr. nýrrar 4. gr. a yrði kveðið á um að tilkynning eða öðru gagni sem á grundvelli laganna er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli sé heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögunum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarfari sem

slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögnum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögnum hjá skiptastjóra, sýslumanni eða dómstólum.

Með þeim sem aðkomu eiga að máli á grundvelli laganna er til að mynda átt við sýslumenn og starfsfólk þeirra, skiptastjóra lögmenn, dómara og starfsfólk þeirra, erfingja og hvern þann annan sem kemur að skiptum á dánarbúum.

Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að dómari geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi, enda telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í dómsmáli. Sömuleiðis að sýslumaður geti ákveðið að frumrit gagna verði lögð fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á eignum þess látna eða erfðaréttindum eftir hann eða réttindum sem aðrir telja sig eiga.

Í 2. mgr. nýrrar 4. gr. a er kveðið á um að þegar lögin eða venja áskilji áritun, umsókn, undirritun, staðfestingu, samþykki, yfirlýsingu eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum tilkynning eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlan um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Að því er hina rafrænu staðfestingu varðar þá kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða að eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifa sem við þær eru bundnar.

Með 3. og 4. mgr. er lagt til að tilkynning eða annað gagn sem miðlað er með rafrænum eða stafrænum hætti á grundvelli ákvæðisins teljist að meginstefnu komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efnis þess. Frá þessu eru þó lagðar til tvær undantekningar. Annars vegar hvað varðar tilkynningu dómara um þinghald á grundvelli 43. gr. laganna og hins vegar tilkynningu dómara samkvæmt 128. gr. Í ljósi þeirra hagsmuna sem um teflir er lagt til að slík birting í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku. Um 3. og 4. mgr. vísast að öðru leyti nánar til umfjöllunar í kafla 3.2 og skýringa við 28. gr. og 35. gr. frumvarpsins.

Með 5. mgr. er ráðherra heimilað að mæla nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni. Með reglusetningarheimild ráðherra er ætlunin að útfært verði nánar hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar. Horft er til þess að unnt verði að gera ólíkar kröfur eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni og haft í huga að í sumum tilvikum geti til að mynda fullgild rafræn auðkenning verið óþörf eða jafnvel of kostnaðarsöm, en í öðrum geti slík auðkenning verið talin nauðsynleg. Að því er varðar form, frágang og afhendingarmáta gagna er miðað að samræmi milli embætta sýslumanna við meðferð tilkynninga og annarra gagna. Sams konar heimild að því er varðar meðferð almennra einkamála fyrir dómi er að finna g-lið 2. mgr. 15. gr. laga um meðferð einkamála og á

grundvelli þess ákvæðis hefur dómstólasýslan sett reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Um 23. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna getur sýslumaður gefið út vottorð um móttöku andlátstilkynningar þótt tilkynnandi hafi ekki getað veitt honum allar þær upplýsingar sem getið er í 1. mgr. sömu greinar. Við þær aðstæður yrði vottorðið gefið út með þeim skilyrðum að tilkynnandi mæti á ný á fund sýslumanns eða sendi annan í sinn stað til að gefa upplýsingar um þau atriði sem lágu ekki fyrir við andlátstilkynninguna.

Með greininni er lögð til sú breyting að til viðbótar mætingu á fund sýslumanns mun tilkynnanda andláts standa til boð að bæta úr upplýsingagjöf skv. 1. mgr. með skriflegri tilkynningu til sýslumanns. Þar sem 23. gr. frumvarpsins miðar að því að stafræn og rafræn málsmeðferð verði lögð að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír skv. lögum um skipti á dánarbúum o.fl., er miðað við tilkynnandi geti veitt upplýsingarnar á því formi sem honum hentar til viðbótar því að mæta á fund sýslumanns og gefa upplýsingarnar munnlega.

Um 24. gr.

Með a-lið er mælt fyrir um breytingu á 2. mgr. 10. gr. laganna sem miðar að því að stafræn og rafræn málsmeðferð skuli lögð að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír skv. lögum um skipti á dánarbúum o.fl. Samkvæmt ákvæðinu getur sýslumaður leitað vitneskju um eignir þess látna eða erfðaréttindi með því að kveða tilkynnanda andláts eða annan á sinn fund. Verði frumvarpið óbreytt að lögum, mun sýslumanni að auki standa til boða að afla umræddra upplýsinga með skriflegri tilkynningu frá þeim sem tilkynnti andlátið eða öðrum.

Með b-lið er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 10. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. sem kveði annars vegar á um að sýslumaður geti heimilað mætingu á skrifstofu sína í tengslum við tilkynningu andláts samkvæmt lögnum í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess sé kostur. Teljist það fullnægjandi mæting af hálfu tilkynnanda. Hins vegar að ráðherra sé heimilt að setja reglur um heimild til mætingar við andlátstilkynningu um fjarfundabúnað.

Áhersla er lögð á að um er að ræða heimild sýslumanns til að liðka fyrir því að tilkynnandi andláts veiti sýslumanni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skipti á dánarbúi, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Ekki er því um skilyrðislausan rétt að ræða að mæta á fund sýslumanns með þessum hætti. Alla jafna ætti þó sýslumaður að geta orðið við beiðni þessa efnis sem fram kemur tímanlega svo að unnt sé að koma mætingu með þessu móti við, en að öðrum kosti yrði tilkynnandi bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða annars fyrir hans hönd eða standa skil á skriflegri tilkynningu til sýslumanns, sbr. skýringar við 23. gr. frumvarpsins. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild tilkynnanda til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, er með 32. gr. frumvarpsins sem verður að nýjum 3. másl. 1. mgr. 119. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum sýslumanns um að heimila mætingu á sinn fund í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Þá er ráðherra með tillögu að nýrri 5. mgr. 10. gr. fengin heimild til að setja reglur um heimild til mætingar við tilkynningu andláts um fjarfundabúnað. Slíkum reglum væri einkum ætlað að útfæra ýmis atriði og viðmið um mætingu í gegnum fjarfundabúnað. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 25. gr.

Með greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 21. gr. laganna sem er af sama meiði og í nokkrum fyrri ákvæðum frumvarpsins og snýr einvörðungu að breyttu orðalagi. Þannig er lagt til að orðið „afrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af þeim ástæðum sem fjallað hefur verið um í kafla 3.1. Að auki er lagt til að heimilt verði að birta eignaskrá í stafrænu pósthólfi erfingja í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og eignaskráin teljist þá réttilega birt þegar hún er aðgengileg þeim, sbr. meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2021. Að öðru leyti vísast m.a. til umfjöllunar í kafla 3.2.

Um 26. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting á orðalagi að hin bréflega áskorun til erfingja, annars vegar sýslumanns skv. 1. málsl. 32. gr. laganna og hins vegar skiptastjóra skv. 2. mgr. 53. gr. laganna, skuli vera skrifleg. Líkt og fjallað er um í kafla 3.1 þykir orðið „bréflega“ vísa til málsmeðferðar á pappír en orðið „skriflega“ þykir aftur á móti hafa víðtækari merkingu og því megi nota það um tilkynningar og gögn við málsmeðferð sem ekki eru munnleg, hvort heldur sem er á pappír eða fyrir tilstilli rafrænna og stafrænna lausna.

Um 27. gr.

Með a-lið er lagt til að orðin „eftirrit úr dánarskrá og gerðabók“ í 2. mgr. 42. gr. laganna víki fyrir „eintök dánarskrár og gerðabókar“. Þá er í b-lið lagt til að orðið „samrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ í 3. mgr. Breytingarnar eru lagðar til af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í skýringum við einstaka greinar frumvarpsins, sbr. umfjöllun í kafla 3.1.

Um 28. gr.

Með a-lið er lagt til að héraðsdómara verði ekki lengur heimilt að birta tilkynningu um stað og stund til þinghalds til að taka fyrir kröfu um opinber skv. 1. mgr. 43. gr. laganna með símskeyti. Notkun símskeyta hefur verið hætt en voru í notkun þegar lögin tóku gildi. Til viðbótar öðrum birtingarmátum samkvæmt ákvæðinu, þ.e. með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti, er lagt til að dómara standi til boða að birta tilkynninguna fyrir málsaðilum í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Þykja framangreindar leiðir betur þjóna þeim tilgangi að koma tilkynningunni til vitundar málsaðila.

Með b-lið er lagt til að nýjum tryggum og hagnýtum birtingarmáta verði aukið við 2. mgr. 43. gr. laganna vegna tilkynningar héraðsdómara til málsaðila um stað og stund þinghalds vegna kröfu um opinber skipti. Lagt er til að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar málsaðili hefur staðfest móttöku hennar, en að öðru leyti fari um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Þannig eru áþekkar kröfur gerðar til birtingar þessara tilkynninga og að gildandi rétti. Frekari sjónarmið um þennan birtingarhátt eru rakin í kafla 3.2.

Um 29. gr.

Með greininni er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 50. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. sem kveði annars vegar á um að skiptastjóri geti heimilað mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess sé kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Teljist það fullnægjandi mæting af hálfu aðila á skiptafund sem boðað hefur verið til skv. 50. gr., 78. gr. og 105. gr. laganna. Hins vegar að

dómstólasýslunni sé heimilt að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað.

Með hinni nýju 6. mgr. 50. gr. laganna er ætlunin að veita skiptastjóra aukið svigrúm til að ákveða hvernig aðilar geta mætt á skiptafund. Áhersla er lögð á að um er að ræða heimild skiptastjóra til að liðka fyrir því að aðilar geti mætt á boðaðan skiptafund en ekki skilyrðislausan rétt að aðila til að mæta með þessum hætti. Svo þessi ívilnandi heimild erfingja og þeirra sem hafa upp kröfur á hendur búi og annarra til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri opinberra skipta, er með 33. gr. frumvarpsins sem verður að nýjum 2. málsl. 1. mgr. 122. gr. laganna, verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum skiptastjóra um að heimila mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Þá er dómstólasýslan með tillögu að nýrri 7. mgr. 50. gr. laganna fengin heimild til að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað. Slíkum reglum væri einkum ætlað að útfæra ýmis atriði og viðmið um mætingu í gegnum fjarfundabúnað. Þar sem skiptastjórn telst að þessu leyti til dómsathafnar þykir fara á því reglusetning að þessu leyti sé í höndum dómstólasýslunnar heldur en ráðherra. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 30. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „eftirrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 31. gr.

Líkt og rakið er í kafla 3.1 er orðinu „eintak“ ætlað að hafa víðtæka skírskotun til þess þegar gögnum er miðlað til móttakanda á grundvelli laga um skipti á dánarbúum o.fl., ýmist stafrænt, rafrænt eða á pappírsformi. Í því samhengi sem orðið „samrit“ er að gildandi rétti notað í 1. mgr. 73. gr. og 3. mgr. 119. gr. laganna þykir af sömu ástæðum og fjallað er um í skýringum við einstaka greinar frumvarpsins, fara betur að skipta orðinu út fyrir orðið „eintökum“.

Um 32. gr.

Með greininni er lagt til að ekki verði heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta á fund sýslumanns í gegnum fjarfundabúnað, en mælt er fyrir um heimild tilkynnanda andláts til að mæta á fund sýslumanns á þann máta með b-lið 24. gr. frumvarpsins, sbr. ný 4. mgr. 10. gr. laganna verði frumvarpið að lögum. Með heimildinni er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig málsaðilar mæta við framkvæmd andlátstilkynningar. Líkt og rakið er í skýringum við b-lið 24. gr. er lögð áhersla á að um er að ræða heimild sýslumanns til að liðka fyrir mætingu á fund sýslumanns en ekki skilyrðislausan rétt til að mæta með þessum hætti. Alla jafna ætti þó sýslumaður að geta orðið við beiðni þessa efnis sem fram kemur tímanlega svo að unnt sé að koma mætingu með þessu móti við, en að öðrum kosti verður viðkomandi líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða einhvers annars í hans stað. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild tilkynnanda andláts til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, er með þessari grein lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum sýslumanns um að heimila mætingu í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 33. gr.

Með greininni er lagt til að ekki verði heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað, en mælt er fyrir um heimild skiptastjóra til að ákveða það í 29. gr. frumvarpsins, sbr. ný 6. mgr. 50. gr. laganna verði frumvarpið að lögum. Með heimildinni er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig erfingjar og þeir sem hafa uppi kröfur á hendur búi eða aðrir sem skiptastjóri telur þörf á, mæti á skiptafund. Líkt og rakið er í skýringum við 29. gr. er lögð áhersla á að um er að ræða heimild skiptastjóra til að liðka fyrir mætingu á skiptafund en ekki skilyrðislausan rétt til að mæta með þessum hætti. Geti skiptastjóri ekki orðið við beiðni aðila þess efnis, verður viðkomandi líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða málsvari sem hæfur er að lögum til að gæta að hagsmunum viðkomandi fyrir hans hönd. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild til að mæta gegnum fjarfundabúnað á skiptafund vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri opinberra skipta, er með þessari grein lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum skiptastjóra um að heimila mætingu í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 34. gr.

Líkt og rakið er í kafla 3.1 er orðinu „eintak“ ætlað að hafa viðtæka skírskotun til þess þegar gögnum er miðlað til móttakanda á grundvelli laga um skipti á dánarbúum o.fl., ýmist stafrænt, rafrænt eða á pappírformi. Í því samhengi sem orðið „samrit“ er að gildandi rétti notað í 2. mgr. 127. gr. laganna þykir af sömu ástæðum og fjallað er um í skýringum við einstaka greinar frumvarpsins, fara betur að skipta orðinu út fyrir orðið „eintak“.

Um 35. gr.

Með a-lið er lagt til að nýjum tryggum og hagnýtum birtingarmáta verði aukið við 2. mgr. 128. gr. vegna tilkynningar héraðsdómara skv. 1. mgr. 127. gr. til málsaðila um stað og stund til þinghalds vegna ágreiningsmáls sem borist hefur héraðsdómara til úrlausnar með þeim hætti sem segir í XVI. kafla. Lagt er til að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar málsaðili hefur staðfest móttöku hennar, en að öðru leyti fari um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Þannig eru áþekkar kröfur gerðar til birtingar þessara tilkynninga og að gildandi rétti. Frekari sjónarmið um þennan birtingarhátt eru rakin í kafla 3.2.

Þá er með b-lið mælt fyrir um að við 2. mgr. 128. gr. laganna bætist nýr málslíður, sem áréttar að um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang ganga vegna meðferðar mála fyrir dómi samkvæmt lögunum fari að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

Um 36. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „endurrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 37. gr.

Með greininni er lagt til að aukið verði við 8. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að um rafræna staðfestingu og afhendingarmáta, form og frágang ganga vegna meðferðar mála fyrir

dómi samkvæmt lögnum fari að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð einkamála og reglum settum með stoð í þeim.

Um 38. gr.

Lagt er til að ný grein, 9. gr. b, verði tekin upp í lög um gjaldþrotaskipti sem leggi málsmeðferð á stafrænan og rafrænan máta samkvæmt lögnum að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Almennt verði þannig jafngilt að beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, beiðni um að leita nauðasamnings, krafa um gjaldþrotaskipti, tilkynningar og önnur gögn berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að málum sem rekin eru samkvæmt lögnum á hvern þann máta sem ákvæðið heimilar, auk þess sem rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi.

Í 1. mgr. nýrrar 9. gr. b yrði kveðið á um að beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, kröfu um gjaldþrotaskipti, tilkynningu eða öðru gagni sem á grundvelli laganna er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli sé heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögnum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarhari sem slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögnum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögnum, hvort heldur er við meðferð mála hjá sýslumanni eða dómstólum.

Með þeim sem aðkomu eiga að máli á grundvelli laganna er til að mynda átt við sýslumenn og starfsfólk þeirra, lögmenn, dómara og starfsfólk dómstóla, málsaðila, vitni eða hvern þann annan sem málsmeðferð laganna tekur til hverju sinni.

Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn eða tilkynningu, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna tilkynningar eða gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að dómari geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi, enda telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í dómsmáli.

Í 2. mgr. nýrrar 9. gr. b er kveðið á um að þegar lögin eða venja áskilji áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum tilkynning eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlan um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Að því er hina rafrænu staðfestingu varðar þá kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða tilkynning eða eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifa sem við þær eru bundnar.

Með 3. og 4. mgr. er lagt til að beiðnir, kröfur, tilkynningar og önnur gögn sem miðlað er með rafrænum eða stafrænum hætti á grundvelli ákvæðisins teljist að meginstefnu komið til

viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efnis þess. Frá þessu eru þó lagðar til tvær undantekningar. Annars vegar hvað varðar fyrirkall dómara þegar fram hefur komið krafa um gjaldþrotaskipti, sbr. 69. gr. laganna og hins vegar tilkynningu dómara um þinghald, sbr. 175. gr. laganna. Vegna þeirra hagsmuna sem um ræðir er í báðum tilvikum lagt til að birting í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku. Um 3. og 4. mgr. vísast að öðru leyti nánar til umfjöllunar í kafla 3.2 og skýringa við 42. gr. og 48. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Með greininni er lögð til breyting á 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. að ekki verði lengur heimilt að boð til fundar eða tilkynna um úrskurð héraðsdóms með símskeyti. Notkun símskeyta hefur verið hætt en voru í notkun þegar lögin tóku gildi.

Um 40. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „samrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 41. gr.

Sú breyting sem lögð er til með b-lið lýtur að því að fallið sé frá því að gera kröfu um gjaldþrotaskipti og fylgigögn hennar séu send héraðsdómara í tvíriti. Ef frumvarpið verður að lögum yrði eftirleiðis heimilt á grunni 38. gr. frumvarpsins, sbr. fyrirhugaða nýja 9. gr. b laga um gjaldþrotaskipti o.fl., að senda gögn af því tagi hvort heldur sem er á stafrænan, rafrænan eða bréflégan máta og því óþarft að tiltaka eintakafjölda gagna í lögunum, auk þess sem það væri í andstöðu við markmið frumvarpsins, svo sem að draga úr notkun pappírs.

Þá breytingu sem lögð er til með a-lið leiðir af fyrrgreindri breytingu sem ráðgerð er með b-lið, en eftir sem áður verður nauðsynlegt að senda fylgigögn með kröfu um gjaldþrotaskipti. Breytingin lýtur einvörðungu að því að áskilnaður þess efnis er færður til innan 1. mgr. 66. gr. laganna.

Um 42. gr.

Með a-lið er lagt til að orðið „samrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ í 1. mgr. 69. gr. laganna af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Með b-lið er nýjum tryggum og hagnýtum birtingarmáta aukið við 2. mgr. 69. gr. laganna vegna tilkynningar héraðsdómara um þinghald til að taka kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans ásamt fyrirkalli til hans. Lagt er til, auk tilkynningar sem verður birt eftir þeim reglum sem gilda um birtingu stefnu í einkamáli, að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar málsaðili hefur staðfest móttöku hennar, en að öðru leyti fari um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Þannig eru áþekkar kröfur gerðar til birtingar þessara tilkynninga og að gildandi rétti. Frekari sjónarmið um þennan birtingarhátt eru rakin í kafla 3.2.

Um 43. gr.

Með greininni er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 79. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. sem kveði annars vegar á um að skiptastjóri geti heimilað mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess sé kostur, enda geti allir sem

viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Teljist það fullnægjandi mæting af hálfu aðila á skiptafund sem boðað hefur verið til. Hins vegar að dómstólasýslunni sé heimilt að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað.

Með hinni nýju 6. mgr. 79. gr. laganna er ætlunin að veita skiptastjóra aukið svigrúm til að ákveða hvernig aðilar geta mætt á skiptafund. Áhersla er lögð á að um er að ræða heimild skiptastjóra til að liðka fyrir því að aðilar geti mætt á boðaðan skiptafund en ekki skilyrðislausan rétt að aðila til að mæta með þessum hætti. Svo þessi ívilnandi heimild málsaðila til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri opinberra skipta, er með 46. gr. frumvarpsins sem verður að nýjum 4. mgr. 171. gr. laganna, verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum skiptastjóra um að heimila mætingu á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Þá er dómstólasýslunni með tillögu að nýrri 7. mgr. 79. gr. laganna fengin heimild til að setja reglur um heimild til mætingar á skiptafund um fjarfundabúnað. Slíkum reglum væri einkum ætlað að útfæra ýmis atriði og viðmið um mætingu í gegnum fjarfundabúnað. Þar sem skiptastjórn telst að þessu leyti til dómsathafnar þykir fara á því reglusetning að þessu leyti sé í höndum dómstólasýslunnar heldur en ráðherra. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 44. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „eftirrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 45. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „endurrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 46. gr.

Með greininni er lagt til að ekki verði heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um atriði sem varða heimild til að mæta á skiptafund í gegnum fjarfundabúnað, en mælt er fyrir um heimild skiptastjóra til að ákveða það í 43. gr. frumvarpsins, sbr. ný 6. mgr. 79. gr. laganna verði frumvarpið að lögum. Með heimildinni er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig málsaðilar mæti á skiptafund. Líkt og rakið er í skýringum við 43. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á að um er að ræða heimild skiptastjóra til að liðka fyrir mætingu á skiptafund en ekki skilyrðislausan rétt til að mæta með þessum hætti. Geti skiptastjóri ekki orðið við beiðni aðila þess efnis, verður viðkomandi líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða málsvari sem hæfur er að lögum til að gæta að hagsmunum viðkomandi fyrir hans hönd. Í samræmi við það og svo að þessi ívilnandi heimild til að mæta gegnum fjarfundabúnað á skiptafund vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti o.fl., er með þessari grein lagt til að ekki verði heimilt að bera ágreining um ákvörðun skiptastjóra um að heimila mætingu í gegnum fjarfundabúnað til héraðsdóms. Að öðru leyti eru þau sjónarmið sem hér búa að baki jafnframt rakin í kafla 3.3.

Um 47. gr.

Með greininni er lagt til að orðið „samrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 48. gr.

Með greininni er nýjum tryggum og hagnýtum birtingarmáta aukið við 2. mgr. 175. gr. laganna vegna birtingar tilkynningar til málsaðila um úrlausn ágreiningsmáls skv. 174. gr. laganna. Lagt er til, auk tilkynningar sem verður birt eftir þeim reglum sem gilda um birtingu stefnu í einkamáli, að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar málsaðili hefur staðfest móttöku hennar, en að öðru leyti fari um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Þannig eru áþekkar kröfur gerðar til birtingar þessara tilkynninga og að gildandi rétti. Frekari sjónarmið um þennan birtingarhátt eru rakin í kafla 3.2.

Um 49. og 50. gr.

Með greinunum er lögð til breyting annars vegar á 3. tölul. 1. mgr. 184. gr. laganna, sem miðar að því orðið „afrit“ víki fyrir orðinu „eintök“ í fleirtölu, og hins vegar á 1. másl. 2. mgr. 185. gr. og 1. mgr. 189. gr. laganna sem miðar að því að orðið „afrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ í eintölu. Breytingarnar eru af sama meiði og í nokkrum fyrri ákvæðum frumvarpsins og snúa einvörðungu að breyttu orðalagi. Til nánari skýringa vísast til umfjöllunar í kafla 3.1.

Um 51. gr.

Lagt er til að ný grein, 5. gr. a, verði tekin upp í lög um nauðungarsölu sem leggi málsmeðferð á stafrænan og rafrænan máta samkvæmt lögunum að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Almennt verði þannig jafngilt að beiðni um nauðungarsölu, tilkynningar og önnur gögn berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að málum sem rekin eru samkvæmt lögunum á hvern þann máta sem ákveðið heimilar, auk þess sem rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi.

Í 1. mgr. nýrrar 5. gr. a yrði kveðið á um að beiðni um nauðungarsölu, tilkynningu eða öðru gagni sem á grundvelli laganna er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli sé heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögunum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarfari sem slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögunum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögunum, hvort heldur er við meðferð mála hjá sýslumanni eða dómstólum.

Með þeim sem aðkomu eiga að máli á grundvelli laganna er til að mynda átt við lögmenn, dómara, sýslumenn, starfsfólk dómstóla og sýslumanna, málsaðila skv. 1.–4. tölul. 2. gr. laga um nauðungarsölu, vitni eða hvern þann annan sem málsmeðferð laganna tekur til hverju sinni.

Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn eða tilkynningu, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna tilkynningar eða gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að dómari geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram í dómi, enda telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í dómsmáli. Sömuleiðis að sýslumaður geti ákveðið að frumrit annarra gagna en þeirra sem tilgreind eru í 2. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna verði lögð fram við meðferð

máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málsaðili telur sig eiga.

Í 2. mgr. nýrrar 5. gr. a er kveðið á um að þegar lögin eða venja áskilji áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum tilkynning eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlan um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Að því er hina rafrænu staðfestingu varðar þá kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða tilkynningu eða eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifa sem við þær eru bundnar.

Með 3. og 4. mgr. er lagt til að beiðnir, tilkynningar og önnur gögn sem miðlað er með rafrænum eða stafrænum hætti á grundvelli ákvæðisins teljist að meginstefnu komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efnis þess. Frá þessu eru þó lagðar til þrjár undantekningar. Í fyrsta lagi að birtingarháttur greiðsluáskorana skv. 9. gr. laganna verði óbreyttur og er þar meðal annars horft til þess að einkaaðilar geta ekki birt gögn í stafrænu pósthólfi. Í öðru lagi varðandi tilkynningu sýslumanns skv. 16. gr. laganna um fyrirtöku beiðni um nauðungarsölu og í þriðja lagi tilkynningu dómara skv. 82. gr. laganna um fyrirhugað þingahald til úrlausnar um gildi nauðungarsölu. Vegna þeirra hagsmuna sem um ræðir er í báðum tilvikum lagt til að birting í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar viðtakandi hefur staðfest móttöku. Um 3. og 4. mgr. vísast að öðru leyti nánar til umfjöllunar í kafla 3.2 og skýringa við 54. gr. og 67. gr. frumvarpsins.

Með 5. mgr. er ráðherra heimilað að mæla nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins í reglum að því er varðar meðferð mála hjá sýslumanni. Með reglusetningarheimild ráðherra er ætlunin að útfært verði nánar hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar. Horft er til þess að unnt verði að gera ólíkar kröfur eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni og haft í huga að í sumum tilvikum geti til að mynda fullgild rafræn auðkenning verið óþörf eða jafnvel of kostnaðarsöm, en í öðrum geti slík auðkenning verið talin nauðsynleg. Að því er varðar form, frágang og afhendingarmáta gagna er miðað að samræmi milli embætta sýslumanna við meðferð beiðna um nauðungarsölu, tilkynningu eða önnur gögn. Sams konar heimild að því er varðar meðferð almennra einkamála fyrir dómi er að finna g-lið 2. mgr. 15. gr. laga um meðferð einkamála og á grundvelli þess ákvæðis hefur dómstólasýslan sett reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 sem tóku gildi 1. janúar 2025.

Um 52. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að gerðarbeiðanda verði ekki lengur heimilt að birta gerðarþola greiðsluáskorun skv. 2. mgr. 9. gr. laga um nauðungarsölu með símskeyti.

Um 53. gr.

Með a-lið er lagt til að orðið „myndrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Með b-lið er lagt til að fallið verði frá áskilnaði um að leggja skuli fram afrit beiðni um nauðungarsölu og fjölda slíkra beiðna þar sem þörfin fyrir aukaeintök verður takmarkaðri þegar heimilt verður að miðla gögnum til sýslumanna og dómstóla rafrænt og stafrænt á grunni nýrrar 5. gr. a í lögum, sbr. 51. gr. frumvarpsins. Að auki eru fyrirmæli um fjölda aukaeintaka í andstöðu við það markmið frumvarpsins að skapa forsendur til að draga úr pappírsnotkun. Því er lagt til að 5. mgr. 11. gr. laga um nauðungarsölu falli brott og þess í stað verði látið við það sitja að eftirleiðis séu fyrirmæli 1.– 4. mgr. 11. gr. laganna nægjanleg fyrirmæli að lögum um framlagningu beiðna um nauðungarsölu og fylgigagna þeirra. Á grunni jafngildisákvæðis í 51. gr. frumvarpsins, sem líkt og áður segir verður 5. gr. a í lögum, verði frumvarpið að lögum, yrði jafngilt að miðla gögnum til sýslumanns á stafrænu, rafrænu eða bréflugu formi og er því ekki lengur nauðsynlegt að mæla fyrir um fjölda eintaka gagna líkt og gert er að gildandi rétti. Í þessu sambandi verður einnig að hafa hugfast að með 5. mgr. nýrrar 5. gr. a er ráðgert að ráðherra setji reglur m.a. um form, frágang og afhendingarmáta gagna við meðferð mála hjá sýslumanni og því verður frekari útfærslu á gagnaframlagningu að finna þar.

Um 54. gr.

Með greininni er mælt fyrir um breytingar á 16. gr. laga um nauðungarsölu. Að gildandi rétti skal sýslumaður ákveða svo fljótt sem auðið verður fyrirtöku beiðni um nauðungarsölu og senda gerðarpöla afrit hennar í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggum hætti, ásamt tilkynningu um hvar og hvenær sýslumaður taki hana fyrir.

Með a-lið er lagt til að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi en með b-lið um leið lagt til að tilkynningin teljist réttilega birt þar þegar gerðarþoli hefur staðfest móttöku hennar þar. Þá fari jafnframt að öðru leyti um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir þeim lögum en að öðrum kosti verði birt með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti. Í ljósi þess hversu íþyngjandi nauðungarsala er fyrir gerðarpöla, m.a. með tilliti til friðhelgi eignaréttar og einkalífs, er mikilvægt að gerðarþoli hafi trygga vitneskju um að beiðni þar að lútandi hafi komið fram og staðfesti því móttöku, þannig að hann geti í kjölfarið gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja hagsmuni sína. Þá er jafnframt haft í huga að ekki verður leyst úr ágreiningi um gildi nauðungarsölu með endurupptöku heldur einungis úrskurði héraðsdómara, sem aftur verði einungis endurskoðaður með kæru til æðri dóms þar sem kæru-frestur er tiltölulega stuttur. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2. Birting með ábyrgðarbréfi eða jafn tryggum hætti er sami birtingarháttur og heimill er að gildandi rétti og þykir ekki þarfnast frekari skýringa.

Með c-lið er lagt til að orðið „afrit“ víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 55. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru til með a-lið helgast af því að með 54. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi 2. mgr. 16. gr. verði að 3. mgr. sömu greinar, vegna nýrrar málsgreinar sem fjallar um birtingu tilkynningar fyrir gerðarpöla í stafrænu pósthólfi í miðlægni þjónustugátt. Því er nauðsynlegt að breyta tilvísun gildandi 2. mgr. 20. gr. laganna til 16. gr.

Breytingin sem lögð er til með b-lið er af sama meiði og í nokkrum fyrri ákvæðum frumvarpsins og snýr einvörðungu að breyttu orðalagi. Þannig er lagt til að orðið „afrit“ víki á tveimur stöðum fyrir orðinu „eintak“ af þeim ástæðum sem fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 56. gr.

Skv. 1. mgr. 21. gr. laga um nauðungarsölu tekur sýslumaður fyrir beiðni um nauðungarsölu á áður auglýstum tíma ef hún hefur ekki þegar fallið niður samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Lagt er til að tvær nýjar málsgreinar bætist við greinina sem verða að 3. og 4. mgr., þar sem í fyrsta lagi er lagt til að sýslumaður geti heimilað mætingu málsaðila skv. 2. gr. laga um nauðungarsölu til fyrirtöku í gegnum fjarfundabúnað, með hljóði og mynd ef þess er kostur, enda geti allir sem viðstaddir eru fylgst með því sem fram fer. Teljist það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila. Með hinni nýju málsgrein er ætlunin að veita aukið svigrúm um hvernig málsaðilar mæta við framkvæmd aðfarar án þess að réttindi þeirra verði fyrir borð borin. Ahersla er lögð á að um er að ræða heimild sýslumanns til að liðka fyrir því að málsaðilar geti mætt til fyrirtöku aðfararbeiðni en ekki skilyrðislausan rétt málsaðila til að mæta með þessum hætti. Alla jafna ætti þó sýslumaður að geta orðið við beiðni þessa efnis sem fram kemur tímanlega svo að unnt sé að koma mætingu með þessu móti við, en að öðrum kosti verður málsaðili líkt og til þessa að bera sjálfur ábyrgð á mætingu í eigin persónu eða málsvari sem hæfur er að lögum til að gæta að hagsmunum málsaðilans fyrir hans hönd. Til að þessi ívilnandi heimild málsaðila til að mæta í gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmæðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, er með 65. gr. frumvarpsins sem verður að nýjum lokamálslið 2. mgr. 73. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, lagt til að ekki verði heimilt að skjóta ákvörðunum sýslumanns að þessu leyti um hvort nauðungarsala fari fram til héraðsdóms, sbr. XIII. kafli laganna.

Í öðru lagi er um að tefla heimild til handa ráðherra til að setja reglur um heimild til mætingar um fjarfundabúnað. Slíkum reglum væri einkum ætlað að útfæra ýmis atriði og viðmið um mætingu málsaðila gegnum fjarfundabúnað.

Um 57. gr.

Með greininni er lögð til sú breyting á orðalagi að hin bréflega tilkynning til gerðarþola skv. 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna skuli vera skrifleg. Líkt og fjallað er um í kafla 3.1 þykir orðið „bréflega“ vísa til málsmæðferðar á pappír en orðið „skriflega“ þykir aftur á móti hafa viðtækari merkingu og því megi nota það um tilkynningar og gögn við málsmæðferð sem ekki eru munnleg, hvort heldur sem er á pappír eða fyrir tilstilli rafrænna og stafrænna lausna. Nái breytingin sem lögð er til með þessari grein frumvarpsins fram að ganga yrði því hvort tveggja heimilt að birta gerðarþola tilkynningu um uppboð í stafrænu pósthólfi, á annan stafrænan eða rafrænan máta eða með bréfi til viðtakanda. Birting í stafrænu pósthólfi teldist við þessar aðstæður hafa farið fram samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 15/2021. Þannig eru áþekkar kröfur gerðar til birtingar tilkynningar af þessu tagi og að gildandi rétti, en frekari sjónarmið að baki birtingum samkvæmt frumvarpinu í stafrænu pósthólfinu eru rakin í kafla 3.2.

Um 58. gr.

Hér er um að tefla sams konar heimild, að þessu sinni til mætingar í gegnum fjarfundabúnað við byrjun uppboðs á starfsstofu sýslumanns, og lögð er til við fyrirtöku skv. IV. kafla laga um nauðungarsölu skv. 56. gr. frumvarpsins og vísast nánar til skýringar við það ákvæði frumvarpsins og kafla 3.3 eftir því sem við á.

Um 59. gr.

Með greininni er nýjum tryggum birtingarmáta aukið við 3. mgr. 35. gr. laganna vegna tilkynningar sýslumanns til aðila nauðungarsölu um framhald uppboðs. Lagt er til, auk tilkynningar með ábyrgðarbréfi, að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Að sama skapi er lagt til að felld verði brott úr lagaákvæðinu heimild til að birta slíkar tilkynningar með símskeyti. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2.

Um 60. gr.

Með greininni er mælt fyrir um viðbót við 1. mgr. 36. gr. laganna þannig að sérstaklega verði tekið fram að ekki sé heimilt að mæta til framhalds uppboðs í gegnum fjarfundabúnað, en ástæða þess er m.a. þau vandkvæði sem af því gætu hlotist, svo sem í tæknilegu tilliti, að heimila mætingu með þeim hætti þegar uppboð fer fram á þeirri eign sem til stendur að selja. Að auki þykir til að mynda varlegra að framhald uppboðs fari fram í eigin persónu til að síður komi til vandkvæða við að framfylgja þeim reglum sem gæta ber að svo að ekki skapist hætta á að réttindi málsaðila skv. 2. gr. laganna verði fyrir borð borin.

Um 61. gr.

Þær breytingar sem hér er mælt fyrir um lúta annars vegar að boðunarmáta til fyrirtöku um nauðungarsölu á almennum markaði skv. 41. gr. laga um nauðungarsölu og hins vegar um heimild málsaðila skv. 2. gr. laganna til að mæta til slíkrar fyrirtöku á skrifstofu sýslumanns fyrir tilstilli fjarfundabúnaðar.

Með greininni er nýjum tryggum birtingarmáta aukið við 1. mgr. 41. gr. laganna vegna boðunar sýslumanns til aðila vegna nauðungarsölu á almennum markaði. Lagt er til, að auk birtingar með ábyrgðarbréfi, verði að birta slíka boðun í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Að sama skapi er lagt til að felld verði brott úr lagaákvæðinu heimild til að birta slíkar tilkynningar með símskeyti. Nánar er fjallað um sjónarmið að baki breyttum birtingarháttum á grunni frumvarpsins í kafla 3.2.

Hvað varðar mætingu í gegnum fjarfundabúnað við fyrirtöku skv. 1. mgr. 41. gr. laganna þá er hér er um að tefla sams konar heimild, að þessu sinni til mætingar í gegnum fjarfundabúnað til fyrirtöku nauðungarsölu á almennum markaði á starfsstofu sýslumanns, og lögð er til við fyrirtöku skv. IV. kafla laga um nauðungarsölu skv. 56. gr. frumvarpsins og byrjunar uppboðs skv. 58. gr., sem einnig fara í báðum tilvikum fram á starfsstofu sýslumanns. Því vísast að þessu leyti til skýringa við 56. gr. frumvarpsins og kafla 3.3 að því sem við á.

Um 62. og 63. gr.

Með greinunum er lagt til að orðið „afrit“ víki fyrir orðið „eintak“, í eintölu í 2. mgr. 44. gr. laganna en í fleirtölu í 2. mgr. 59. gr. laganna, af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 64. gr.

Hér er lagt til að orðið „skriflega“ komi í stað orðsins „bréflega“ í 2. mgr. 66. gr. laga um nauðungarsölu. Orðið „bréflega“ þykir vísa til málsmeðferðar á pappír en orðið „skriflega“ þykir aftur á móti hafa víðtækari merkingu og því megi nota það um málsmeðferð sem ekki er munnleg, hvort heldur sem er á pappír eða fyrir tilstilli rafrænna og stafrænna lausna.

Um 65. gr.

Með 56. gr. og 58. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 21. gr. og 31. gr. í þá veru að sýslumaður geti heimilað mætingu í gegnum fjarfundabúnað. Með þessari grein er í fyrsta lagi lagt til að áréttað verði í 1. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu að ákvarðanir sýslumanns að þessu leyti verði ekki bornar undir héraðsdómara eftir ákvæðum XIII. kafla laganna. Til að þessi ívilnandi heimild málsaðila til að mæta gegnum fjarfundabúnað vinni ekki gegn því markmiði að bæta málsmeðferð í reynd, tefji ekki fyrir rekstri mála hjá sýslumanni, þykir þessi tilhögun nauðsynleg. Með hliðsjón af sjónarmiðum um réttaröryggi þykir á hinn bóginn réttmætt að unnt sé að krefjast úrlausnar héraðsdóms um ákvarðanir sýslumanns um atriði sem varða heimild málsaðila til að mæta í gegnum fjarfundabúnað við meðferð mála skv. XIV. kafla laga um nauðungarsölu, sem fjallar um úrlausn um gildi nauðungarsölu.

Síðari breytingin sem lögð er til með ákvæðinu lýtur einvörðungu að því að breyta orðinu „eftirrit“ í „eintök.“

Um 66. gr.

Með greininni er ýmist lagt til að orðin „eftirrit“, „endurrit“ og „afrit“ í 81. gr. laganna víki fyrir orðinu „eintak“ af sömu ástæðum og fjallað hefur verið um í kafla 3.1.

Um 67. gr.

Með greininni er nýjum tryggum og hagnýtum birtingarmáta aukið við 4. mgr. 82. gr. laganna vegna tilkynningar héraðsdómara til málsaðila. Lagt er til, auk tilkynningar sem verður birt með sama hætti og stefna í einkamáli, að heimilt verði að birta slíka tilkynningu í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Lagt er til að birting tilkynningar í stafrænu pósthólfi teljist réttilega hafa farið fram þegar málsaðili hefur staðfest móttöku hennar, en að öðru leyti fari um birtingu í stafrænu pósthólfi eftir lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Með tilliti til friðhelgi eignaréttar gerðarpola þykir mikilvægt að hann hafi tryggja vitneskju um að fyrirhugað þinghald og staðfesti því móttöku. Þannig geti hann gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja hagsmuni sína. Með því eru gerðar áþekkar kröfur til birtingar þessara tilkynninga og að gildandi rétti. Frekari sjónarmið um þennan birtingarhátt eru rakin í kafla 3.2.

Um 68. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2026 eða á sama tíma og gildandi bráðabirgðaheimildir erfðalaga og laga um skipti á dánarbúa o.fl. falla úr gildi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.